



# Samtal um **fullveldi** og **þjóðaröryggi**

*Samantekt frá málþingi  
þjóðaröryggisráðs um  
fullveldi og þjóðaröryggi  
sem haldið var í Silfurbergi,  
Hörpu, 23. nóvember 2018*



# Samtal um **fullveldi** og **þjóðaröryggi**

*Samantekt frá málþingi  
þjóðaröryggisráðs um  
fullveldi og þjóðaröryggi  
sem haldið var í Silfurbergi,  
Hörpu, 23. nóvember 2018*

© Stjórnarráð Ísland,  
Þjóðaröryggisráð 2019

Ljósmynd á forsíðu: Ragnar Th. Sigurðsson  
Myndir af gömlum skjaldarmerkjum er fengnar  
frá Guðmundi Oddi Magnússyni (Godði)  
Útlitshönnun Magnús Valur Pálsson  
Prentun: Svansprent

ISBN 978-9935-482-09-9

# Efnisyfirlit

<b>Formáli</b> .....	7
<b>Opnunarávarp</b>	
<i>Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður Þjóðaröryggisráðs</i> .....	9
<b>Fullveldishugtakið í máli og myndum</b>	
<i>Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur), rannsóknarprófessor við LHÍ</i> .....	12
<b>Fyrsti hluti: Fullveldi</b>	
<b>Ríki í samfélagi þjóðanna</b>	
<i>Stefanía Óskarsdóttir, dósent við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands</i> .....	13
<b>Ógnar eitthvað fullveldinu?</b>	
<i>Bjarni Már Magnússon, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík</i> .....	16
<b>Samtal um fullveldi</b>	
<i>Umræðustjóri: Silja Bára Ómarsdóttir, dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands</i> <i>Davíð Þór Björgvinsson, dómari við Landsrétt og rannsóknarprófessor við lagadeild Háskóla Íslands, Guðmundur Jónsson, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands, Valgerður Bjarnadóttir, fyrrverandi alþingismaður ásamt Stefaníu Óskarsdóttur og Bjarna Má Magnússyni</i> .....	18
<b>Annar hluti: Þjóðaröryggi</b>	
<b>Ávarp</b>	
<i>Herra Ólafur Ragnar Grímsson, fyrrverandi forseti Íslands</i> .....	21
<b>Lýðræði og viðskipti stuðla að friði</b>	
<i>Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, formaður utanríkismálanefndar Alþingis</i> .....	24
<b>Heildstætt öryggi í fjölþjóðastarfi</b>	
<i>Anna Jóhannsdóttir, sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu</i> .....	26
<b>Samtal um þjóðaröryggi</b> .....	29
<i>Umræðustjóri: Pia Hansson, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands</i> <i>Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, Henry Alexander Henrysson, aðjúnkt í heimspeki og sagnfræði við Háskóla Íslands, Krístrún Heimisdóttir, fræðimaður við Columbia háskóla í Bandaríkjunum ásamt Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur og Önnu Jóhannsdóttur</i>	
<b>Þriðji hluti: Áskoranir framtíðar</b>	
<b>Ávarp</b>	
<i>Herra Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands</i> .....	31
<b>Ungt fólk og áskoranir framtíðar</b>	
<i>Kristín Ingólfssdóttir, fyrrverandi rektor Háskóla Íslands</i> .....	34
<b>Er borgarinn í hættu staddur í lýðræði?</b>	
<i>Guðmundur Heiðar Frímansson, prófessor við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri</i> ...	37
<b>Samtal um áskoranir framtíðar</b> .....	39
<i>Umræðustjóri: Guðrún Pétursdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða</i> <i>Halldór Björnsson, hópstjóri veðurs og loftslags við Veðurstofu Íslands, Helga Þórisdóttir, forstjóri Persónuverndar, Marteinn Sindri Jónsson, aðjúnkt við hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands, Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst, ásamt Kristínu Ingólfssdóttur og Guðmundi Heiðari Frímanssyni</i>	
<b>Lokaorð</b>	
<i>Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra og formaður Þjóðaröryggisráðs</i> .....	42
Dagskrá málþingsins .....	44





## Formáli

**H**ér gefur að líta samantekt frá málþingi þjóðaröryggisráðs „Samtal um fullveldi og þjóðaröryggi“ sem fór fram í Hörpu 23. nóvember 2018.

Í maí 2018 samþykkti þjóðaröryggisráð að standa fyrir málþingi um fullveldi og þjóðaröryggi. Þótti ráðinu vel við hæfi að fyrsta málþing á vegum þess færi fram á 100 ára afmæli fullveldis Íslands og þar yrði fjallað um fullveldishugtakið með tilliti til þjóðaröryggis; hvernig hugmyndir um fullveldið hafi þróast frá 1918 og hvaða áhrif hnattræn þróun, tæknileg þróun og loftlagsbreytingar kunni að hafa á inntak fullveldishugtaksins og áskoranir á sviði þjóðaröryggis.

Undirbúningur málþingsins var í höndum ritara þjóðaröryggisráðs og Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands í samstarfi við fulltrúa frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Háskólunum í Reykjavík og Listaháskóla Íslands.

Þessir aðilar unnu saman að mótun dagskrár og vali á framsögumönnum og þátttakendum auk ritara þjóðaröryggisráðs: Pia Hansson, forstöðumaður, Margrét Cela, verkefnastjóri og Silja Bára Ómarsdóttir frá Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Guðmundur Hálfðánarson, prófessor og forseti Hugvísindasviðs Háskóla Íslands, Fríða Björk Ingvarsdóttir, rektor Lista-háskólans, Ragnhildur Helgadóttir, prófessor og forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík og Þórdís Ingadóttir, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, Vilhjálmur Egilsson, rektor Háskólans á Bifröst, Páll Rafnar Þorsteinsson, kennari við Háskólann á Bifröst og Lars Gunnar Lundsten, forstöðumaður miðstöðvar doktorsnáms við Háskólann á Akureyri.

Viðfangsefni og áherslur málþingsins tóku mið af markmiði þjóðaröryggisstefnunnar sem er að tryggja sjálfstæði Íslands og fullveldi, tryggja friðhelgi landamæra Íslands og öryggi borgaranna, tryggja vernd stjórnkerfisins og grunnvirkja samfélagsins.

Dagskrá málþingsins skiptist í þrjá meginþætti:

- I **Fullveldi:** Inntak fullveldis inn á við og í samskiptum við önnur ríki, um beitingu fullveldisréttar og virðingu fyrir alþjóðalögum.
- II **Þjóðaröryggi:** Víðtækt samstarf innanlands og á alþjóðavettvangi til þess að standa vörð um víðtæka öryggishagsmuni.
- III **Áskoranir framtíðar:** Ungt fólk og áskoranir framtíðarinnar, ný tækni og atvinnulíf, hlutverk borgara í lýðræðisríki, persónuvernd, menningu og tungumál og umhverfis- og loftlagsmál.

Auk Katrínar Jakobsdóttur, forsætisráðherra og formanns þjóðaröryggisráðs, Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, og Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrverandi forseta Íslands, tóku 23 aðilar frá háskólasamfélaginu, Alþingi og stjórnsýslunni þátt í málþinginu.

Um 120 manns sóttu málþingið í Silfurbergi í Hörpu og fjöldi fólks fylgdist með í beinni útsendingu í gegnum streymi og er upptakan aðgengileg á vefsvæði þjóðaröryggisráðs <https://www.stjornarradid.is/verkefni/almannaoryggi/thjodaroryggisrad/utgefid-efni/> og á vef Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands.





## Opnunarávarp

**Katrín Jakobsdóttir,**  
**forsætisráðherra og formaður þjóðaröryggisráðs**

Góðan dag, gott fólk.

Kæru gestir.

Velkomin á þetta málþing um fullveldi og þjóðaröryggi. Þetta er einn af fjöldamörgum viðburðum í tilefni af aldarafmæli fullveldis Íslands.

Tímamót sem þessi, aldarafmæli fullveldisins, gefa okkur tækifæri til að líta um öxl, en einnig að spegla fortíð í nútíð og horfa fram á veg. Hvaða merkingu hefur fullveldið fyrir okkur í samtímanum? Hvaða merkingu hefur hugtakið þjóð í hugum Íslendinga árið 2018 og hvaða merkingu hefur hugtakið þjóðaröryggi í nútímanum?

Þjóðarhugtakið er, eins og við þekkjum hér inni, kannski fyrst og fremst pólitískt hugtak eins og við nýtum það í nútímanum, hugtak sem á rætur sínar í 19. öldinni. Fyrir þann tíma töluðum við um þjóðir, sem voru fremur hópar og þá skilgreindu menn sig ýmist sem Íslendinga, norræna menn eða Dalamenn eftir því hvaðan þeir voru og í hvaða samhengi þeir voru að tala. En hið pólitíska hugtak þjóð verður ekki síst til á 19. öldinni. Þjóðerni hefur síðan verið skilgreint með ólíkum hætti meðal ólíkra þjóða, en hér leitum við nú gjarnan í hugtök eins og land, þjóð og tunga, en allt hefur þetta tekið viðamiklum breytingum á þeirri öld sem liðin er frá því Ísland varð fullvalda ríki.

Samsetning þjóðarinnar og samfélagsgerð hefur breyst og fullveldisafmælið er því kærkomið tækifæri til að velta því fyrir okkur hver við erum og hvaða gildi við leggjum til grundvallar því að kalla okkur þjóð. Um leið og okkur ber að standa vörð um þær rætur sem við eigum, þann menningararf sem við eigum - tungumálið og söguna, þá eigum við að leyfa bæði menningunni og tungumálinu að þróast svo það rúmi nýjar hugmyndir, nýja strauma og nýtt fólk.

Við eigum að fagna því samfélagi sem er nú orðið svo miklu fjölbreyttara en það var fyrir einni öld.

Ég hef líka stundum velt því fyrir mér, þegar ég ferðast um landið, hvort landnámsmennirnir myndu þekja Ísland dagsins í dag. Landið hefur breyst, ekki síst af mannavöldum, líka fyrir tilstilli náttúrunnar. Fimmtíu eldgos hafa breytt ásýnd landsins, svo dæmi séu tekin á öldinni. Við höfum líka breytt landinu sjálf, ýmist til

**„Tímamót sem þessi, aldarafmæli fullveldisins, gefa okkur tækifæri til að líta um öxl, en einnig að spegla fortíð í nútíð og horfa fram á veg.“**

atvinnuuppbyggingar, til þess að bæta samgöngur og stundum höfum við kannski gengið um of á auðlindir okkar.

Það er mikið fagnaðarefni hversu breytt viðhorf eru í samtímanum ef við lítum bara nokkra áratugi aftur í tímann, til umhverfisverndar, náttúruverndar, gildis og mikilvægis ósnortinnar náttúru fyrir okkur sem samfélag. Ég tel að nú sé a.m.k. víðtækari samstaða um umhverfis- og loftslagsmál en nokkru sinni fyrr. Um leið horfum við til þess að Ísland er ekki eyland í umhverfismálum; það getur ekkert eitt land afstýrt hlýnun jarðar og umhverfisbreytingum sem ógna öllu lífríkinu okkar. Þarna þurfum við að starfa saman og þar eigum við brýnt erindi í alþjóðlegu samstarfi.

Það segir kannski sitthvað að það vakti töluverða athygli mína könnun sem var kynnt nýlega, þar sem fram kom að mikill meiri hluti Íslendinga eru sannfærðir um loftlagsbreytingar af mannavöldum, að þær séu staðreynd og við skerum okkur úr öðrum þjóðum hvað það varðar, en sömuleiðis höfum við litlar áhyggjur af því. Sem segir kannski eitthvað um hið íslenska þjóðerni og hina íslensku sjálfsmynd, ég hugsaði þarna kemur „þetta reddast“ sjálfsmyndin sterk inn.

En við fögnum fullveldisafmælinu á mjög óvenjulegum tímum, þar sem það sem við einu sinni töldum sjálfgefið er það ekki lengur og við erum knúin til samtals um endurmat á viðteknum hugmyndum og sjónarmiðum. Þættir á borð við loftlagsbreytingar, hnattræna þróun, tækniþróun, náttúruvá og skipan alþjóðasamstarfs skipa veigameiri sess en áður í samfélagi okkar og hafa óhjákvæmilega í för með sér breytingar. Afleiðingar og áhrif þessarar þróunar þarf að meta á hverjum tíma. Sumt er fyrirjáanlegt, annað ekki. Við þurfum að vera opin fyrir því að endurmeta verklag og forgangsröðun og fær um að bregðast hratt við bæði hinu fyrirjáanlega en ekki síður hinu ófyrirjáanlega.

Sannkölluð bylting hefur orðið í upplýsingatækni. Aðgengi að upplýsingum hefur aldrei verið greiðara og meira, og flest er það á allt öðru tungumáli en íslenskri tungu og kannski hefur sjaldan verið flóknara að greina kjarnann frá hisminu í öllu upplýsingastreyminu, þar sem við sjáum dæmi þess að það er jafn auðvelt eða auðveldara að dreifa röngum staðreyndum og réttum. Ekki síst vegna þess að það sem hefur verið skilgreint sem rangar upplýsingar byggist gjarnan á því að spila á tilfinningar fólks og slíkar fréttir fá mun hraðar útbreiðslu en fréttir, sem byggja á staðreyndum, en eru ekki sérstaklega að spila með tilfinningar.

Og það er stór áskorun fyrir fullveldið á næstu öld, að standa vörð um opna upplýsta umræðu, sem er grundvallarþáttur í okkar lýðræðislegu stjórnskipan.

Hundrað árum eftir að Ísland varð fullvalda ríki stöndum við frammi fyrir nýjum viðfangsefnum þegar kemur að öryggismálum. Hernaðarógnin lítur öðruvísi út en hún gerði þá, tæknin hefur breytt hernaði og alþjóðlegt samstarf breytt stríðsrekstri. Með auknu flæði bæði fólks og fjármagns hefur skipulögð brotastarfsemi gerbreyst, nýjar net- og tækniógnir verða til nánast dag hvern. Það er mikilvægt, ekki síst fyrir lítið ríki eins og okkar, að tæknibreytingarnar stingi okkur ekki af, heldur að tæknin þjóni okkur.

Í þjóðaröryggisstefnu fyrir Ísland, sem Alþingi samþykkti, skapaðist breið samstaða um nýtt öryggishugtak, útvíkkun öryggishugtaksins, þótt vissulega sé enn pólitískur skoðanaágreiningur milli okkar, sem teljum að Ísland eigi að standa utan hernaðarbandalaga og hinna sem líta á þau sem mikilvægan þátt í alþjóðasamstarfi Íslands. Markmið stefnunnar er að tryggja sjálfstæði, fullveldi og friðhelgi

landamæranna, öryggi borgaranna og vernd stjórnkerfis og grunnvirkja samfélagsins. Og það er svo að þrátt fyrir pólitískan ágreining, þá hlýtur það að vera skoðun allra stjórnámálanna að ein af frumskyldum hvers samfélags er að tryggja öryggi borgaranna. En þá skiptir líka miklu máli að við séum meðvituð um það sem felst í öryggishugtakinu, og hvaða ógnir steðja að öryggi okkar í samtímanum. Það var löngu tímabært að mínu viti þegar þjóðaröryggisstefnan var samþykkt, að breikka þetta hugtak, að einblína ekki á hefðbundnar hernaðarógnir, heldur líta líka til svonefndra „nýrra ógna“ hnattrænna og þverþjóðlegra, samfélagslegra og mannlegra.

Í stefnunni er lögð áhersla á að tryggja víðtæka öryggishagsmuni Íslands með virku alþjóðasamstarfi á grundvelli alþjóðalaga og með friðsamlega lausn deilumála að leiðarljósi, sem og almannaöryggi. Og þar eru skilgreindar ýmsar þær ógnir sem Alþingi taldi á þeim tíma að væri mikilvægt að þjóðaröryggisstefnan tæki á og það eru eins og ég sagði ekki eingöngu hinar hefðbundnu hernaðarógnir, þær varða matvæla- og fæðuöryggi, þær varða loftlagsbreytingar, þær varða netöryggi, því með aukinni sjálfvirknivæðingu, þar sem skurðaðgerðir verða í framtíðinni framkvæmdar þannig að við leggjumst undir hnífinn hjá vélmenni, þá getið þið ímyndað ykkur möguleikana – ég tala um möguleika en ekki tækifæri í þessu samhengi – fyrir aðila til þess að ráðast í netárásir sem geta til að mynda lamað heilbrigðiskerfið. Og við þekkjum dæmi um það frá öðrum löndum um netárásir á mikilvæga samfélagslega innviði bæði heilbrigðisstofnanir en líka aðra slíka innviði þannig að þetta verður risavaxið viðfangsefni á næstu árum.

Og ég gæti haldið áfram og rætt síðan það sem við þekkjum kannski best á Íslandi og höfum mesta reynslu í og það eru viðbrögðin við náttúruvá, þegar eldfjöllin okkar fóru að gjósa, jökulárnar okkar að flæða og svo framvegis, þær ógnir eru ekki að fara neitt, og skiptir miklu máli að við bregðumst við þeim með réttum hætti á hverjum tíma – ekki aðeins til þess að bregðast við ógnunum sjálfum heldur út frá samfélaginu sjálfu, sem skiptir máli að hafa í huga þegar við bregðumst við slíkum ógnum

Kæru gestir.

Það eru mörg tímamót um þessar mundir.

Aldarafmæli fullveldisins helst í hendur við það að 100 ár eru liðin frá lokum fyrri heimsstyrjaldarinnar. Eftirleikur hennar hafði umfangsmikil áhrif á heimsskipulagið eins og við þekkjum það. Smám saman molnaði undan nýlendustefnunni, Bandaríkin urðu að stórveldi og grunnurinn var lagður að alþjóðlegu samstarfi sem síðar skilaði sér í stofnun Sameinuðu þjóðanna. Um þessar mundir fögnum við líka 70 ára afmæli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, sem var á sínum tíma afar framsækin, og ég hef velt því fyrir mér hvort hún er svo framsækin að þjóðir heims gætu varla komið sér saman um hana núna – komið sér saman um slík algild mannréttindi með þessum hætti.

Í þeim hræringum sem við sjáum nú felast nýjar ógnir, að grafið sé undan alþjóðlegu samstarfi sem er hornsteinn algildra mannréttinda. Svárið er ekki minna samstarf eða minni samskipti, heldur meiri.

Því er fullt tilefni til að spyrja okkur í dag hvað við getum lært af aldarsögunni og hvaða þýðingu sagan hefur fyrir okkur nú. Hvernig hefur fullveldishugtakið

**„Við fögnum fullveldis-afmælinu á mjög óvenju- legum tímum, þar sem það sem við einu sinni töldum sjálfgefið er það ekki lengur og við erum knúin til samtals um endurmat á viðteknum hugmyndum og sjónarmiðum.“**

þróast og hvaða áhrif hefur alþjóðasamstarf, tækniþróun og hnattvæðing haft á fullveldishugtakið? Hvernig er sjálfsákvörðunarréttur ríkja í hnattvæddum heimi og hvaða áhrif hafa algild réttindi á fullveldi? Þetta er meðal þeirra spurninga sem verða ræddar hér í dag. Málþinginu verður skipt í þrjá hluta. Fyrst verður sjónum beint að inntaki fullveldishugtaksins, í öðrum hluta er fjallað um þjóðaröryggi og í þriðja hluta eru áskoranir framtíðar reifaðar með tilliti til fullveldis og þjóðaröryggis.

Ég ætla að reyna að vera með ykkur hér í dag, ég á að loka þinginu en ég biðst fyrirfram afsökunar á því að ég þarf að bregða mér í burtu í tuttugu mínútur á eftir, en það er líka til þess að sinna mjög mikilvægu verkefni; að ræða við börn sem ætla að leggja fram nokkrar réttindakröfur.

En þar sem markmiðið með þessu málþingi var að draga fram þessa breiðu sýn og ólíku nálgun þá vil ég þakka Þjóðaröryggisráði, Alþjóðamálastofnun og háskólunum okkar sem vinna saman að þessu verkefni. Ég vona að samtalið verði flott og fjörugt og okkur til gagns til að móta sýn okkar á þjóðaröryggi á komandi öld fullveldisins.

Hér með set ég þetta málþing.

## Myndræn mörkun fullveldis

# Landvættir

*Guðmundur Oddur Magnússon (Goddur),  
rannsóknarprófessor við Listaháskóla Íslands*

Í erindinu kynnti Goddur rannsóknir sínar á landvættunum og myndrænni mörkun fullveldisins. Hann rakti sögu landvættanna og þeirra hugmynda sem lágu að baki þeim en tilgangur landvættanna var að vernda landið gegn óviðráðanlegum ógnum sem menn gátu ekki ráðið við einir síns liðs. Þá var hönnun landvættanna og þeirri hugmyndafræði sem hönnunin byggði á gerð góð skil. Loks gerði hann grein fyrir stöðu landvættanna í nútímanum og útskýrði hvernig landvættirnir birtast okkur enn þann dag í dag.



## Fyrsti hluti: **Fullveldi**

# Ríki í samfélagi þjóðanna

**Stefanía Óskarsdóttir,**  
dósent við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands

Hvenær varð Ísland að sjálfstæðu ríki?

Svarið við spurningunni vefst fyrir mörgum. Ekki síst vegna þess að orðið „sjálfstæði“ hefur haft svo sterka þjóðernislega merkingu í umræðu á Íslandi.

Í skilgreiningu á ríki í stjórnmálafræði og í þjóðarétti er lýsingarorðið „sjálfstæður“ hins vegar ekki að finna og er því merkingarlaust. Almenna merking orðsins „sjálfstæði“ er hins vegar sú að geta tekið ákvarðanir óháð vilja annarra eða ytri aðstæðum.

Svarið við spurningunni er að Ísland varð að ríki 1. desember 1918.

Barátta fyrir viðurkenningu á rétti Íslands til að stjórna sér sjálf hafði staðið yfir í um 70 ár. Í þeirri vegferð voru margir mikilvægir áfangar. Nefna má Þjóðfundinn 1851 sem hafnaði því að nýja danska stjórnskipunin frá 1849 næði til Íslands. Og stjórnarskrána 1874 sem veitti Alþingi löggjafarvald í séríslenskum málum og síðar innlent framkvæmdarvald 1904. Nokkrum árum síðar hófst svo samningaferli um hvernig sambandið á milli Danmerkur og Íslands ætti að vera í framtíðinni. Því lauk með uppkasti að sambandslögum 1908.

Samkvæmt Uppkastinu átti ríkisborgararéttur að vera sameiginlegur á Íslandi og í Danmörku og Ísland fékk ekki sérfána. Í því kom heldur ekki fram að Ísland væri fullvalda ríki heldur sagt sjálfstætt land. Og konungssambandið, utanríkismál og varnarmál áttu að vera sameiginleg um aldur og ævi. Af þessum ástæðum var uppkastinu hafnað af íslenskum kjósendum og fulltrúum þeirra á alþingi.

Næstu ár þokaðist lítið í sjálfstæðismálum en 10 árum síðar var þráðurinn um gerð samnings um samband Íslands og Danmerkur tekinn upp aftur, rétt undir lok fyrri heimsstyrjaldar. Sambandslagasamningurinn var undirritaður í júlí 1918 og síðar samþykktur af danska og íslenska þinginu og einnig í þjóðaratkvæðagreiðslu á Íslandi.

Í sambandslögnum voru Danmörk og Ísland sögð frjáls og fullvalda ríki í sambandi um sama konung. Samband Danmerkur og Íslands varð þjóðréttarlegt en ekki

**„Fullveldi er skilgreint þannig að (a) ríki hafi getu til að halda uppi stjórn á tilteknu landsvæði. Og hafi (b) viðurkenningu annarra ríkja á valdi sínu til að stjórna ákveðnu landsvæði. Fullveldishugtakið hefur því innri og ytri vídd.“**

ríkisréttarlegt. Í því fólst að um samning tveggja fullvalda ríkja var að ræða en ekki samkomulag á milli landsvæða innan sama ríkis.

Þess vegna var ríkisborgararétturinn ekki sameiginlegur, þótt í samningnum væru ákvæði um gagnkvæm réttindi (svokallað jafnréttisákvæði) og Ísland fékk eigin fána og stjórn á eigin málum. Samkvæmt sambandslögnum var meðferð utanríkismála þó í höndum Dana í umboði Íslendinga og landhelgisgæsla þar til annað yrði ákveðið. En sem fullvalda ríki gerði Ísland sjálft alþjóðlega samninga fyrir eigin hönd. Hægt var að segja upp sambandslögnum einhliða eftir 25 ár, en uppsagnarákvæði voru mjög stíf. Í kjölfar þess að Ísland varð fullvalda ríki sendi Danmörk út tilkynningu til alþjóðasamfélagsins um stöðu Íslands sem fullvalda ríkis. Ísland var því orðið að ríki í alþjóðasamfélaginu þó lítið og veikburða væri.

Ríki í skilningi stjórn málafræðinnar og alþjóðalaga hefur ákveðin einkenni.

Ríki hafa íbúa og afmörkuð landamæri og stjórnvöld sem fara með stjórn innan landamæra ríkis. Ríki eru einnig sögð fullvalda. Fullveldi er skilgreint þannig að (a) ríki hafi getu til að halda uppi stjórn á tilteknu landsvæði. Og hafi (b) viðurkenningu annarra ríkja á valdi sínu til að stjórna ákveðnu landsvæði. Fullveldishugtakið hefur því innri og ytri vídd.

Fullveldi veitir landi aðgöngumiða að alþjóðakerfi ríkja (alþjóðasamfélaginu). Einungis ríki eiga aðild að alþjóðastofnunum og alþjóðlegum samningum.

Víkjum þá að getunni til að halda uppi stjórn innanlands.

Hún byggist á samþykki þegnanna en einnig þvingunarúrræðum stjórnvalda. Þvingunarúrræði fela í sér m.a. her- og lögregluvald, sbr. t.d. skilgreiningu Webers á ríki.

Lýðræðisþróun jók mikilvægi samþykkis þegnanna sem grundvallar hins lýðræðislega ríkis en þvingunarúrræðin eru þó ætíð til staðar. Lýðræði færði líka almenningi vald sem breytti verkefnum og skyldum ríkisvaldsins. Með lýðræðisþróuninni jukust verkefni og skyldur ríkisvaldsins. Sömuleiðis breyttist skilningurinn og túlkunin á því hver væru verkefni ríkisvaldsins.

Hver eru þessi verkefni í nútímanum?

Í stuttu máli eru þau að viðhalda stuðningi við stjórnarfarið og starfa í anda vilja meirihlutans, að veita ýmiss konar sameiginlega þjónustu, tryggja öryggi þegnanna og forða vá af ýmsu tagi. Sem dæmi um vá sem ríki vinna gegn má nefna stríð, glæpi, heilsuvá, náttúruvá og örbirgð.

Vandinn sem ríki glíma við eru ýmist af innlendum og erlendum toga og kalla oft á alþjóðlegt samstarf. Alþjóðlegt samstarf getur aukið getu ríkja til að sinna verkefnum sínum. Í einhverjum tilvikum felur alþjóðlegt samstarf þó í sér framsal valds úr landi; valds til að setja reglur sem skuldbinda samfélagið (e. pooled sovereignty). Fórarkostnaðurinn oft talinn lítill í samanburði við ávinninginn. Ókosturinn er hins vegar sá að valdið til ákvarðana fjarlægist almenning og efi getur skapast um

Lýðræðislegan grundvöll ákvarðana sem borgurunum er gert að hlýða.

Slíkt alþjóðlegt samstarf hefur gengið hvað lengst innan ESB. Áhyggjur af fullveldi Bretlands leiddu t.d. til úrsagnar Bretlands úr ESB en þeir sem það studdu - Brexit - töldu fórnarkostnaðinn of háan.

Í þessu samhengi eru áhyggjur af fullveldinu einkum tengdar áhyggjum af lýðræðislegum áhrifum borgaranna. Þeir sem styðja mjög víðtækt alþjóðlegt samstarf segja hins vegar að ríki hafi hreinlega ekki getu til að sinna þeim verkefnum sem af þeim er kraftist nema í samstarfi sem hafi í för með sér eitthvert framsal valds til erlendra aðila.

### Ísland og fullveldið

Frá 1918 hefur Ísland samið fyrir eigin hönd á alþjóðavísu og jafnframt tekist að viðhalda innlendri stjórn. En sem fyrr sagði eru þetta megin einkenni fullvalda ríkja.

Ísland hefur gerst aðili að ýmsum alþjóðasamningum til að tryggja hagsmuni sína og öryggi landsins (NATO, EFTA, EES, SP o.fl.). Í tengslum við gerð slíkra alþjóðlegra samninga hafa komið fram áhyggjur af fullveldinu, t.d. með inngöngu í NATO og EES.

Koma Bretahers 1940 var þó ákveðið brot á fullveldisrétti Íslands og mótstaða Bretlands við útfærslu landhelginnar 1952 og 1958, sem og útfærsla efnahagslögsögunnar síðar. Í þessum tilvikum beittu Íslendingar öllum þeim ráðum sem alþjóðlegt samstarf bauð upp á til að verja hagsmuni sína. Sama má segja um aðgerðir stjórnvalda tengdar hruninu.





## Ógnar eitthvað fullveldinu?

**Bjarni Már Magnússon,**  
dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík

Góðir gestir.

Það sem ég ætla að segja hér á eftir byggir á greininni Ytra fullveldi frá sjónarhóli þjóðaréttar sem við Finnur Magnússon lögmaður og aðjúnt við lagadeild HÍ rituðum í bókina Frjálst og fullvalda ríki. Bókin er gefin út af Sögufélaginu í tilefni af fullveldisafmælinu.

Fullveldishugtakið á rætur sínar í þjóðarétti og því verður að líta sérstaklega til hans þegar hugtakið er rætt. Til einföldunar þá er hefðbundið að greina fullveldishugtakið í innri og ytri vídd. Með innri fullveldisrétti ríkis er átt við rétt þess til að ráða innri málefnum sínum en í ytri fullveldisrétti felst réttur þess til að koma fram á alþjóðavettvangi.

Óhætt er að fullyrða að mun meiri áhersla er lögð á innri fullveldisrétt í opinberri umræðu um efnið héraendis. Ytri hlið fullveldisins hefur engu að síður grundvallarþýðingu. Allar götur síðan 1923 hafa alþjóðlegir dómstólar með reglulegu millibili, nú síðast árið 2011, hafnað sjónarmiðum um að líta beri á alþjóðlegar samningsskuldbindingar ríkis sem skerðingu á fullveldi þess.

Alþjóðadómstólar hafa litið svo á að samningsskuldbindingar leggi kvaðir á framkvæmd fullveldisréttar ríkis. Í þeim skilningi að þær skuldbindi ríkið til að framkvæma hann með ákveðnum hætti, en niðurstaðan hljóti ávallt að vera sú að ákvörðun um að taka á sig alþjóðlegar skuldbindingar feli í sér beitingu fullveldisréttar og sé því einn af eiginleikum fullveldisins. Grundvallarhugsunin er að fullvalda ríki getur ákveðið að setja sér sjálft takmörk með aðild að milliríkjasamningum og alþjóðastofnunum. Þetta er ríkjandi skoðun í þjóðarétti.

Fullveldishugtakið er í þessum skilningi eins og lögræðishugtakið: lögráða einstaklingur sem ræður sig í vinnu eða tekur fasteignalán hjá lánastofnun framselur ekki lögræði sitt, heldur nýtir hann það. Þegar Ísland gerðist aðili að Sameinuðu þjóðunum, NATO og EES var Ísland að nota fullveldi sitt en ekki skerða það. Það er svo önnur sjálfstæð spurning hvort að þátttaka í slíku samstarfi samræmist stjórnarskránni eða þjóni íslenskum hagsmunum. Fjaðrafokið í kringum Brexit sýnir að þótt ríki ákveði að taka þátt í viðamiklu alþjóðasamstarfi, sem takmarkar athafnafrelsi þess, er ekki þar með sagt að sú ákvörðun sé óafturkræf.

Merkilegt er að sjá hvernig sömu sjónarmið um fullveldishugtakið og alþjóðlegir dómstólar hafa sett fram voru notuð í málflutningi helstu forystumanna Íslendinga í samningaviðræðunum við Danmörku um sambandslögin. Í umræðum um sambandslögin árið 1918 benti Bjarni Jónsson frá Vogli á að hið ónákvæma orðalag „skerðing fullveldis“ væri sjálfsmótsögn því annað hvort væri maður lifandi eða dauður; annað hvort væri um fullveldi að ræða eða ekki.

Sambærilegur skilningur birtist hjá Einari Arnórssyni lagaprófessor, t.d. í riti hans Þjóðréttarsamband Íslands og Danmerkur sem kom út árið 1923. Í ritinu fjallar Einar m.a. um það fyrirkomulag að Danmörk fari með utanríkismál Íslands skv. umboði. Í ritinu bendir Einar á að vissulega takmarki umboðið athafnafrelsi Íslands en segir svo:

„[E]n takmörkun á athafnafrelsi ríkis sviftir það ekki alment fullveldi fremur en takmörkun á athafnafrelsi manns sviftir hann lögræði [...] það, að Ísland getur veitt slíkt umboð, sýnir eitt með fleiru, að það er fullvalda ríki, því að ekkert ófullvalda ríki – ef tala má um ófullvalda ríki – getur veitt öðru ríki umboð til að fara með eina tegund mála sinna.“

M.ö.o. þá er Einar að benda á að það sé sönnun fyrir fullveldi Íslands að Ísland geti framselt utanríkismál sín, eins og þau leggja sig, til annars ríkis.

Fjörtíu árum síðar enduróma þessi sjónarmið í ræðu Ólafs Jóhannessonar - þá lagaprófessor, síðar forsætisráðherra - þar sem hann veltir upp fullveldistakmarkanir þær, sem t.d. leiða af þátttöku í Efnahagsbandalagi Evrópu. Í ræðunni benti Ólafur á að skuldbindingar ríkja gagnvart alþjóðastofnun munu því oftast nær engu skipta um formlegt fullveldi ríkis. Gildir það almennt jafnt, þó að alþjóðastofnun hafi verið fengið í hendur vald, sem stjórnögum samkvæmt á að vera hjá handhöfum ríkisvalds. Það sé svo önnur spurning hvort aðild að slíkri stofnun samræmist stjórnögum hvers ríkis.

**„Ef það er eitthvað sem ógnar fullveldinu þá er það sá þröngi skilningur á hugtakinu sem er ríkjandi hérlandis.“**

Í framhaldi af þessu verður að benda á að hugtakið fullveldisframsal er oft notað í umræðunni um alþjóðamál hérlandis um það þegar ríki tekur á sig þjóðréttarlegar samningsskuldbindingar. Hugtakið er ekki séríslenskt, enda finnast sambærileg hugtök á öðrum tungumálum. Almennt verður þó að telja að heppilegra sé að ræða um framsal valdheimilda frekar en fullveldisframsal. Af dómum alþjóðlegra dómstóla leiðir að það felst hreinlega í fullveldi ríkja að geta framselt ríkisvald til alþjóðastofnunar.

Rétt er að velta upp þeirri spurningu hvort fullveldið minnki við framsal valdheimilda. Hin hliðin á þeirri spurningu er hvort hægt sé að efla fullveldi ríkis með einhverjum hætti. Í þessum orðum birtist sú hugmynd að hægt sé að auka við eða minnka fullveldi ríkja. Slíkur þankagangur á sér litla stoð í þjóðarétti. Fullveldishugtakið er ekki hlutfallstengt við tiltekinn fullveldisstuðul. Annað hvort er maður lifandi eða dauður, annað hvort er um fullveldi að ræða eða ekki, eins og Bjarni Jónsson orðaði það. Þær landfræðilegu einingar sem teljast fullvalda ríki eru allar jafn fullvalda. Völd þeirra, áhrif og stjórnskipulag er aftur á móti ólíkt.

Ef það er eitthvað sem ógnar fullveldinu þá er það sá þröngi skilningur á hugtakinu sem er ríkjandi hérlandis. Með því að sneiða burt ytri hliðar fullveldisins og líta fyrst og fremst á innri hliðar þess verður umræðan um fullveldið ævinlega þjöguð. Allar tilraunir til aflimunar á fullveldishugtakinu eru sérstaklega varasamar fyrir ríki sem byggir sín þjóðaröryggismál að miklu leyti á milliríkjasamningum og alþjóðlegri samvinnu. Auk þess sem þær eru í andstöðu við sjónarmið þeirra sem leiddu fullveldisbaráttuna.

# Samtal um fullveldi

Umræðustjóri: **Silja Bára Ómarsdóttir**, dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands  
Þátttakendur: **Stefanía Óskarsdóttir**, dósent við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, **Bjarni Már Magnússon**, dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík, **Davíð Þór Björgvinsson**, dómari við Landsrétt og rannsóknarprófessor við lagadeild Háskóla Íslands, **Guðmundur Jónsson**, prófessor í sagnfræði við Háskóla Íslands og **Valgerður Bjarnadóttir**, fyrrverandi alþingismaður

**Í umræðum fyrsta hluta málfingsins má greina þrjá meginþæði. Þeir eru í fyrsta lagi þróun og skilningur fullveldishugtaksins, í öðru lagi annmarkar stjórnarskrárinnar og í þriðja lagi möguleikar fullvalda ríkja í alþjóðasamstarfi. Hér á eftir verður gerð grein fyrir því helsta sem kom fram hjá þátttakendum í umræðunum, ekki er vitnað beint í einstaka persónur en upptöku af umræðunum má finna á netinu. Slóðina má finna í lok skýrslunnar.**

## Þróun hugtaksins og skilningur

Síðan fullveldi var fagnað 1918 hefur þjóðaréttarhugtakið breyst. Bæði stjórnmálamenn og almenningur lögðu víðan skilning í hugtakið um það leyti sem við fengum fullveldi. Það var mjög hugstætt mönnum á þeim tíma að fullveldi væri ekki bara pólitískt frelsi heldur frelsi sem ætti að notast til uppbyggingar og framfara í landinu. Eitt megin verkefnið á árunum eftir 1918 var að tryggja landsmönnum yfirráð yfir gögnum og gæðum landins.

Mönnum er í dag tíðrætt um hættuna sem stafar af fullveldisframsali vegna alþjóðlegs samstarfs og í því samhengi er helst litið til Evrópusamrunans. Þá hafa margir einnig áhyggjur af framsali valdheimilda ríkisins vegna alþjóðlegs samstarfs. Í þessu tilliti er ekkert ríki í dag fullvalda á sama hátt og 1918. Fullveldið merkir ekki aðeins pólitískt frelsi, heldur frelsi til ákveðinna verka til hagsbóta fyrir þegna landsins. Ríkjum sem tekst ekki að vinna að að hagsbótum þegna sinna eru skilgreind sem misheppnuð ríki.

Fleiri sjónarhorn voru viðruð í umræðunum og bent á að kannski er það ekki fullveldishugtakið sem hefur breyst heldur ríkisvaldið. Ríki 18. og 19. aldar voru ríki fursta og konunga sem réðu lögum og lofum innan ríkja sinna. Það var svo með tilkomu lýðræðisins sem borgararnir fengu þátttökurétt í þessu ákvörðunartökuvaldi. Lýðræðisríki gefa sig út fyrir að starfa í umboði borgaranna og þeir sem sækjast eftir að verða valdhafar eru í samkeppni um atkvæði. Til að ná athygli kjósenda búa þeir til einskonar tilboðspakka til kjósenda sem hefur leitt til þess að við erum með ríkisvald sem sinnir allskonar verkefnum, sem hafa breyst mikið á síðustu 100 árum. Þetta hefur svo aftur orðið til þess að þau verkefni sem lýðræðisríki dagsins í dag standa frammi fyrir kalla á mikla uppbyggingu stofnana, reglna og samskiptavefja sem og aukið samstarf við önnur ríki og erlenda aðila. Það er ákveðinn vandi sem felst í þessu þar sem gjá getur myndast á milli væntinga kjósenda og raunveruleikans. Þetta skapar óánægju meðal almennra borgara sem í versta falli getur leitt til byltinga, þó þær séu fátíðar í lýðræðisríkjum.

Þá var rætt um muninn á innra og ytra fullveldi, en í umræðunni um innra fullveldið var undirstrikað að ríki eru bundin af svokölluðum jus cogens reglum, sem byggja á náttúruréttarhugmyndum, óháð því hvort þau hafi samþykkt þær eða ekki.

Í umræðum um ytra fullveldi nefndu þátttakendur að réttara sé að tala um heimildir til að deila valdi með alþjóðastofnunum heldur en að tala um afsal fullveldis.

Umræða um fullveldi getur á tíðum orðið ruglingsleg þar sem ólíkar fræðigreinar nálgast viðfangsefnið á ólíkan hátt. Eitt er lagaleg eða þjóðréttarleg skilgreining á fullveldi, annað er menningarlegt fullveldi eða efnahagslegt fullveldi. Hugtakið er sjaldan nákvæmlega skilgreint í þjóðfélagsumræðunni sem getur skapað ákveðinn vanda.

Loks var fjallað um muninn á sjálfstæði og fullveldi. Sjálfstæðishugtakið hefur verið ofar í hugum Íslendinga en fullveldið. Mikilvægi fullveldisins fólst ekki síst í því að það var aðgöngumiðinn að samfélagi þjóðanna en sjálfstæðið tryggði betri lífsgæði fyrir Íslendinga, á eigin forsendum.

### Stjórnarskráin

Þátttakendum var tíðrætt um stjórnarskrána. Nefnd voru ýmis álitamál um framsalsheimildir ríkisins sem upp hafa komið í gegnum tíðina. Í þessu samhengi var EES-samningurinn nefndur sérstaklega þar sem mönnum bar ekki saman um hvort það samræmdist stjórnarskránni að gangast undir hann. Í því máli, sem og í fjölmörgum öðrum sem upp hafa komið, var leitað til sérfræðinga sem mátu samninginn sem svo að hann bryti ekki gegn stjórnarskránni. Bentu þátttakendur á að á meðan ekki er ákvæði í stórnarskránni sem setur valdframsali skorður munum við halda áfram að deila um hvert mál sem kemur upp og hvenær komið er að þanmörkum stjórnaskrárinnar.

Þriðja orkupakkann bar einnig á góma í þessu samtali, og var umræðan um hann sett í samhengi við fyrri álitamál sem hafa komið upp í gegnum tíðina, hvernig orðræðunni í stjórnmalunum svipar til þess sem við heyrðum til dæmis þegar deilt var um EES-samninginn. Samrýmist hann stjórnarskránni? Á að taka hann upp óbreyttan eða reyna að fá undanþágur?

### Alþjóðasamstarf

Bent var á að það gæti ákveðins misskilnings á fullveldishugtakinu í umræðum um EES-samninginn og framkvæmd hans. Segja má að fullveldishugtakið hafi að óþörfu aukið við flækjustig umræðunnar, þar sem í raun sé ekkert sem þarf að óttast.

Athygli var vakin á því að flestar reglur sem skylt er að innleiða vegna EES-samningsins hafa þann megin tilgang að veita borgurum aukin réttindi; þ.e. veita þeim aðgang að sameiginlegum markaði þar sem þeir geta notið þeirra réttinda sem þar eru í boði.

Loks var nefnt að fullveldið felur í sér aðgöngumiða að alþjóðasamfélaginu, að aðild að alþjóðlegum viðskiptasamningum er ekki í ósamræmi við fullveldi ríkja, einmitt vegna þess að það er hluti af fullveldi ríkja að geta gerst aðili að alþjóðasamningi.

**„Mikilvægi fullveldisins fólst ekki síst í því að það var aðgöngumiðinn að samfélagi þjóðanna en sjálfstæðið tryggði betri lífsgæði fyrir Íslendinga, á eigin forsendum.“**



## Annar hluti: Þjóðaröryggi

### Ávarp

**Herra Ólafur Ragnar Grímsson,**  
*fyrirverandi forseti Íslands*

Í samræðum um fullveldi og þjóðaröryggi er mikilvægt að áréttta í upphafi hve einstakur sá viðburður var að svo fámenn þjóð fengi slíkan rétt í hendur. Aldrei fyrr í sögu ríkja hafði fullveldi hvílt á svo veikum grunni. Lítið og fátækt samfélag sem byggði á einhæfu atvinnulífi sjósóknar og landbúnaðar ákvað að skipa sér í sveit fullvalda ríkja.

Í reynd var stofnun lýðveldisins svipuð óvissuferð þótt ættjarðarást og þjóðarstolt landsmanna sveipaði viðburðinn sérstökum ljóma.

Myndi Íslendingum takast að sanna fyrir sjálfum sér og öðrum að fullveldi og lýðveldisstofnun yrðu í tímans rás burðarásar í traustum sessi þjóðar og ríkis?

Þegar við metum aðstæður á okkar tímum og horfum framundan er áriðandi að viðurkenna á raunsæjan hátt hinn einstæða árangur Íslendinga, þakka verk þeirra sem skiluðu þjóðinni í fremstu röð samkvæmt fjölda alþjóðlegra mælikvarða; virða baráttu kjörinna fulltrúa og fjölmargra annarra aðila sem færðu okkur farsæld og velferð, fjölþætt atvinnulíf og traustar samgöngur, heilbrigðisþjónustu og menntakerfi, skapandi menningarlíf og frjálsræði á flestum sviðum; eiginleika sem skipta miklu þegar þjóðir leggja grunn að öryggi sínu.

**„Það var stefnan sem þjóðin markaði sjálf og framkvæmd hennar sem úrslitum réðu; hafa skilað Íslendingum hinu kröftuga og fjölþætta samfélagi sem er undirstaða öryggis okkar á nýrri öld.“**

Í þessum efnum stöndum við afar vel í alþjóðlegum samanburði; erum ásamt frændþjóðum á Norðurlöndum betur í stakk búin en fjöldi annarra ríkja.

Þessi árangur var á engan hátt sjálfgefinn; í raun afar ólíklegur sé horft til erfiðrar og fátæklegrar stöðu Íslands fyrir eitt hundrað árum. Þeim mun mikilvægar er að við séum nú ekki feimin við að viðurkenna hann bæði í orði og verki; skilja að þjóðarmetnaður Íslendinga var og er drifkraftur sem skilar miklu.

Raunsonn umræða um þjóðaröryggi á nýrri öld verður að taka mið af því að okkur var á alþjóðlegan mælikvarða skilað góðu búi. Árangurinn byggðist að mestu á eigin verkum þótt samstarf við aðra hafi einnig hjálpað til. Það var stefnan sem þjóðin markaði sjálf og framkvæmd hennar sem úrslitum réðu; hafa skilað Íslendingum hinu kröftuga og fjölþætta samfélagi sem er undirstaða öryggis okkar á nýrri öld.

Þótt þátttakan í Atlantahafsbandalaginu og ýmsum Evrópustofnunum hafi mótað samskipti Íslands við önnur ríki á undanförunum áratugum er það líka lærdómur

sögunnar að það koma þeir tímar að við verðum fyrst og fremst að treysta á okkur sjálf, hafa burði til að taka sjálfstæðar ákvarðanir, jafnvel þótt öll helstu bandalagsríki reyni að þrýsta okkur í aðrar áttir.

Þegar fiskveiðilögsagan var færð út í fjórar mílur - talið þjóðarnauðsyn á þeim tíma - settu Bretar á Ísland löndunarbann. Forystusveit, sem nokkru áður hafði með átökum og við óeirðir og tárugas á Austurvelli fært Ísland inn í NATO og veitt Bandaríkjunum svo vettvang til að reisa hér herstöð af ötta við Sovétríkin, hafði þá kjark og burði til að telja efnahagslegu öryggi Íslendinga best borgið með því að semja við Sovétríkin og nokkur bandalagsríki þeirra, selja þeim fisk og fá í staðinn olíu, timbur, járn og annað sem þurfti til að treysta innviði hins unga lýðveldis.

Þegar fjármálakerfið hrundi fyrir áratug og lífróður réði framtíð efnahagslegs sjálfstæðis sýndu helstu ríki við Atlantshaf og í Evrópu ýmist algert skeytingarleysi eða reyndu að knýja okkur til nauðasamninga sem þjóðin hafnaði hins vegar tvegis í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Lærdómar sögunnar sem við fáum í veganesti við mótun framtíðarstefnu um þjóðaröryggi eru því ótvírætt þeir að eigin verk og sjálfstæður réttur, þorið til að fara okkar leiðir, skipta mestu og fullveldi ræður úrslitum á örlagatímum þegar þjóðin á mest í húfi.

Þótt samstarf við aðra sé sjálfsagt og á margan hátt mikilvægt, alþjóðastofnanir gegni lykilhlutverki á okkar tímum, megum við ekki hrífast svo af tískustraumum að við gleymum raunsönnum lærdómum eigin sögu.

Árangurinn í orkumálum er líka meðal þeirra verka sem lærdómum skila; hvernig við urðum sjálfum okkur nóg í framleiðslu rafmagns og hitun húsa; dýrmætur árangur þegar skortur á orkuöryggi er einn helsti vandi í þjóðaröryggi margra ríkja, bæði í Evrópu og víðar í veröldinni. Ísland skipar nú fyrsta sæti á árangurslista heimsins í nýtingu hreinnar orku og æ fleiri leita í smiðju okkar, einkum varðandi jarðhitann; vilja öðlast samskonar orkuöryggi og Íslendingar.

Fæðuöryggi er annar þáttur sem veröldin skoðar í vaxandi mæli. Í þeim efnum höfum við talið Ísland vel á vegi statt en þó kann sú staða að breytast skjótt. Hin efnaða stétt sem hratt vex í öðrum álfum, einkum í Asíu, og senn verður stærri en samanlagður íbúafjöldi Evrópu og Ameríku, leitar nú þegar ákaft að hreinum og hollum matvælum; er tilbúin að borga hærra verð en tíðkast á heimamarkaði framleiðenda.

Því er á engan hátt öruggt að Íslendingar geti treyst því um ókominn tíma að bændur og aðrir í matvælaframleiðslu landsins muni ætla okkur sjálfum afurðirnar. Hinn ríkmannlegi markaður í öðrum álfum gæti boðið betri kjör og keypt á einu bretti meginhluta framleiðslunnar.

Fæðuöryggi getur því orðið brýnt viðfangsefni í mótun þjóðaröryggis til frambúðar þótt okkur virðist það nú framandi hugsun.

Þegar Ísland varð fullvalda vorum við líklega eina fámenna ríkið með slíkan rétt og reyndar einnig á lýðveldistíma lengi vel langminnst innan Sameinuðu þjóðanna. Nú er hins vegar fjöldi smærri ríkja í veröldinni. Hið alþjóðalega ríkjakerfi hefur á margan hátt lagað sig að þeirri skipan og viðurkennt réttindi, öryggi og hlutverk smárra ríkja í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi. Sú kerfisbreyting styrkir á margan hátt öryggi Íslands



enda njótum við eins og önnur smærri ríki þeirrar viðurkenningar að slík ríki gegni mikilvægu hlutverki í gangvirki alþjóðlegs samstarfs jarðarbúa; til dæmis varðandi verndun hafanna og baráttuna gegn loftlagsbreytingum.

Vitnisburður um þessi þáttaskil er að tíu smæstu eyríki heims með samtals innan við milljón íbúa ráða yfir stærra hafsvæði en Bandaríkin, Kína og Rússland samanlagt.

Mörg þessara ríkja líta til Íslands sem fyrirmyndar eins og sást á nýliðnu þingi Arctic Circle þegar sendinefndir frá eyríkjum í Kyrrahafi komu hingað í annað sinn til að læra af reynslu okkar.

Hin árlegu þing Hringborðs Norðurslóða - Arctic Circle, sótt af rúmlega 2000 þátttakendum frá 50-60 ríkjum, færa okkur líka heim sanninn um að Ísland nýtur þess nú að vera öðrum þjóðum samkomustaður til að efla tengsl og samstarf á Norðurslóðum; heimshluta sem er að stærð á við Afríku; var áður einangraður og flestum ókunnur en nú vettvangur þar sem öll helstu forysturíki Evrópu og Asíu auk Bandaríkjanna og Rússlands gera sig gildandi á vettvangi vísinda, viðskipta, umhverfismála og í stjórnmálalegu samstarfi.

Sú nýja staða sem þróun Norðurslóða færir Íslandi - næstu tvö árin verðum við í forsæti Norðurskautsráðsins - hefur á skömmum tíma orðið vænlegur þáttur í þróun þjóðaröryggis; einkum verði rétt á málum haldið.

Líkt og Evrópa þurfti þrátt fyrir átök og styrjaldir á því að halda að litlu landi í Alpafjöllum væri veitt öryggi og réttur til að vera vettvangur þar sem allir gátu komið til að leysa deilur, getur Ísland orðið áfangastaður í Norður-Atlantshafi, í miðju hinna víðfeðmu Norðurslóða sem nú hafa öðlast athygli heimsins; áfangastaður sem öll helstu forysturíki heims sjá sér hag í að styrkja sem sjálfstæðan vettvang samræðna og stefnumótunar; samstarfs sem skiptir jarðarbúa miklu máli; einkum þegar glíman við ógnir loftslagsbreytinganna ræður úrslitum um framtíð allra ríkja heims.

Á þann hátt gæti öryggi Íslands eflst til muna með því að þjóna öryggi heimsins.

**„Lærdómar sögunnar sem við fáum í veganesti við mótun framtíðarstefnu um þjóðaröryggi eru því ótvírætt þeir að eigin verk og sjálfstæður réttur, þorið til að fara okkar leiðir, skipta mestu og fullveldi ræður úrslitum á örlagatímum þegar þjóðin á mest í húfi.“**



## Lýðræði og viðskipti stuðla að friði

**Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir,**  
*formaður utanríkismálanefndar Alþingis*

Fundarstjóri, Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra, Hr. Ólafur Ragnar Grímsson, fundargestir.

Ég vil byrja á því að þakka ykkur fyrir að bjóða mér að tala hér og um leið, hrósa þeim sem að ráðstefnunni standa. Ég hef áður sagt og segi það aftur að mér finnst mikilvægt að hér á landi fari reglulega fram vönduð umræða um öryggis- og varnarmál í víðu samhengi. Það er mikilvægt að við sem þjóð séum meðvituð um hvað þarf til að tryggja öryggi borgaranna og að hér á landi sé til staðar þekking þannig að hægt sé að skilgreina og um leið framkvæma það sem til þarf til að sinna vörnum landsins, bæði í hernaðarlegu en ekki síður borgaralegu tilliti.

Þar reynir vissulega á öflug alþjóðasamskipti. Hvað hernaðarþáttinn varðar höfum við tryggt þann þátt með þátttöku okkar í NATO og með varnarsamning við Bandaríkin. Það fríar okkur þó ekki undan ábyrgð þegar kemur að því að hafa þá þekkingu og reynslu sem til þarf. Liður í því að tryggja borgaralegt öryggi snýr einnig eftir tilvikum að NATO en einnig samstarfi löggæslustofnana, s.s. lögreglu og landhelgisgæslu, við alþjóðastofnanir á borð við Europol, Interpol og fleiri stofnanir.

Ágætu fundargestir.

Flestir þeir þættir sem ég nefndi hér að framan eru ykkur kunnir og að vissu leyti má segja að þeir séu almenn þekking. Þjóðfélagsumræðan snýr oft að þessum þáttum, s.s. veru okkar í NATO, og reglulega fáum við fréttir af árangursríkum lögregluaðgerðum sem koma til vegna samstarfs okkar við alþjóða löggæslustofnanir - svo tekin séu dæmi.

Það eru þó fleiri mikilvægir þættir sem skipta ekki síður máli þó þeir séu sjaldnar í umræðunni. Þannig má nefna hugtök á borð við frið, lýðræði og viðskipti - sem öll eru nátengd þegar betur er að gáð. Sagan hefur sýnt okkur að lýðræðisþjóðir eru líklegri til að eiga friðsamlegri samskipti sín á milli og grípi síður til vopna gegn hvor öðrum. Það sama má segja um ríki sem eiga í frjálsum viðskiptum og eiga þannig sameiginlegra hagsmuna að gæta. Þannig má sem dæmi nefna að ein meginforsenda friðar í Evrópu sl. 70 ár er að ríkin sem áður börðust við hvert annað á vígvellinum eru hvort í senn orðin að lýðræðisríkjum og eiga sameiginlegra hagsmuna að gæta í formi frjálsra viðskipta sín á milli.

Kæru vinir.

Ég vil nýta tækifærið sem gefst hér í dag til að leggja áherslu á mikilvægi frjálsra viðskipta á alþjóðavísu. Það má ætla að hvar sem við stöndum á vængjum stjórnmalanna getum við flest verið sammála um það að síðastliðin 200 ár eða svo hafa verið þau framsæknustu í mannkynssögunni. Í bók sinni, Framfarir, sem er til í íslenskri þýðingu, fjallar sænski sagnfræðingurinn Johan Norberg um það hvernig líf

okkar hér á jörðinni hefur aldrei verið betra en einmitt nú. Það er ekki persónuleg skoðun höfundar heldur fullyrðing sem er rökstudd með staðreyndum.

Þó vissulega megji finna margar skýringar á því þá eru aukin milliríkja viðskipti algjör lykilkáttur í að skapa aukna hagsæld. Aukin milliríkja viðskipti skapa störf, þau ýta undir tækniþróun, þau hjálpa fátækari ríkjum að komast í álnir og þannig mætti áfram telja. Þær þjóðir sem hafa náð hvað mestum árangri og framförum á síðustu árum, áratugum og öldum eru sömu þjóðir og hafa lagt áherslu á milliríkja viðskipti og vinsamleg samskipti við aðrar þjóðir.

Ég hugsa að fáir velti því fyrir sér dags daglega, en það má nefna sem dæmi uppfinningu og þróun gáma fyrir flutningaskip. Sú framför sem til varð með gáma væðingu bætti ekki bara afkastagetu skipaflutninga heldur varð hún til þess að bæta lífskjör út um allan heim með betri og öruggari flutningi vara á milli landa. Ég ætla þó ekki að tala mikið hér um þróun gáma væðingar – en ég nefni þetta sem dæmi um það hvernig milliríkja viðskipti leiða af sér þróun og nýsköpun, sem aftur leiðir af sér aukna hagsæld.

Ágætu fundargestir.

Frjáls viðskipti eru þó ekki sjálfgefin og það er mikið fyrir þeim haft. Sem dæmi má nefna að oft tekur langan tíma að semja um fríverslunarsamninga, þar flækjast inn í ýmiss konar hagsmunir, stórir og smáir. Svo ótrúlegt sem það má vera árið 2018, þá heyrum við reglulega orðið tollastríð í fréttum. Það snýr vissulega að mestu leyti að þeim aðila sem nú ræður ríkjum í Hvíta húsinu – en á sama tíma verðum við ítrekað vör við vantrú og efasemdir um ágæti milliríkja viðskipta meðal þjóðarleiðtoga eða einstakra stjórnmalaflokka í Evrópu og Asíu. Hvað sem því líður, þá ætti þetta að vekja okkur til umhugsunar – og við erum, sem fyrr segir, minnt á að frjáls viðskipti eru ekki sjálfsögð. Það má, þessu til viðbótar nefna, að þegar siglingaleiðir opnast í aukinni mæli um Norðurskautið mun enn reyna á vilja ríkja til frjálsra viðskipta og vöruflutninga.

Ég tel að við eigum sem þjóð að halda uppi merkjum frjálsra viðskipta hvar sem við getum. Við vitum að þau leiða til hagsældar og framfara og við vitum að aukin viðskipti auka líkurnar á friði í heiminum. Það er því mikilvægt að við stöndum vörð um frjálsan flutning á vörum, þjónustu, fjármagni og fólki. Þannig viðhöldum við bæði hagsæld og friði.

Takk fyrir.

**„Sagan hefur sýnt okkur að lýðræðisþjóðir eru líklegri til að eiga fríðsamlegri samskipti sín á milli og grípi síður til vopna gegn hvor öðrum.“**



# Heildstætt öryggi í fjölþjóðastarfi

**Anna Jóhannsdóttir,**  
*sendiherra og fastafulltrúi Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu*

Forsætisráðherra, herra Ólafur Ragnar Grímsson, ágætu gestir.

Það er mjög ánægjulegt að fá tækifæri til að tala hér í dag um þjóðaröryggi í tengslum við fullveldisafmælið.

Áslaug ræddi hér á undan um hvernig lýðræði og viðskipti stuðla að friði. Ég ætla að fjalla um meira hefðbundna sýn á öryggi, einkum í alþjóðasamstarfi, í því margbreytilega öryggisumhverfi sem við búum við, þar sem mörk hafa færst til og nýjar áskoranir eru til framtíðar.

Mig langar í stuttu máli að koma inn á tvo meginþætti í því sem kalla má heildstætt öryggi. Annars vegar vísar það til þess að öryggi, varnir og viðbúnaður sé tryggður með samstarfi og undirbúningi allra þátta þjóðfélagsins í hverju ríki. Stjórnkerfi, stofnanir, samtök, einkaaðilar og almenningur.

Hins vegar má tala um heildstætt öryggi í samhengi alþjóðlegs samstarfs – þar sem t.d. Ísland vinnur í misjöfnum samstarfsformum, stofnunum og innan samninga og alþjóðaregluverks, að ákveðnum áhersluþáttum og tryggir öryggi og frið með því að ríki standi við sínar skuldbindingar.

## Stríð og friður

Við lifum tíma þar sem friður hefur ríkt á Íslandi, í Evrópu og meginhluta hins vestræna heims í nálægt 75 ár. Vissulega hafa blossað upp svæðisbundin átök og hörmungar. Það hefur hrikt í stoðum alþjóðakerfisins og alþjóðaregluverksins sem þjóðir heims byggðu upp snemma á síðustu öld. Nú nýverið var þess minnst að 100 ár eru síðan fyrri heimsstyrjöldinni lauk, aðeins örfáum vikum fyrir fullveldisviðurkenningu Íslands 1918.

En – það eru raunar ekki nema um 25 ár að stríð geisaði milli nágrannaríkja í bakgarðinum okkar í Evrópu, stríð á Balkanskaganum eftir upplausn Júgóslavíu þar sem framin voru þjóðarmorð, alþjóðalög þverbrotin og mannréttindi fótum troðin. Þjóðir og stofnanir gripu inn í, ofbeldið var stöðvað og smátt og smátt hafa ríkin, sem þá tókust á, þokast nær sátt, samvinnu og þátttöku í fjölþjóðasamstarfi.

Enn nýlegra dæmi eru átökin og atvikin sem hófust í austurhluta Úkraínu og á Krímskaga fyrir fjórum árum. Þá var í fyrsta sinn – frá lokum seinni heimsstyrjaldar, landsvæði sjálfstæðs ríkis yfirtekið og innlimað með ólögætum hætti.

## Fullveldi og sjálfsvörn – 51. gr. Sp, 5. gr. NATO

Ég nefni hér þessa atburði og vísa til sögunnar, til þess að setja aðeins í samhengi að öryggi ríkis getur verið ógnað án mikils aðdraganda og vígvellirnir eru stundum nær en maður heldur.

Öryggi ríkis og varanleg yfirráð þess yfir tilteknu landsvæði, er einn grundvallarþáttur í skilgreiningu sjálfstæðs ríkis að alþjóðalögum. Þessir grundvallarþættir eru útfærðir og staðfestir í alþjóðlegum sáttmálum, og ríki hafa rétt til sjálfsvarnar á grundvelli sáttmála Sp. (51.gr.) – og að verja sig í samstarfi við önnur ríki – sem er einmitt hornsteinninn sem 5. grein stofnsáttmála Atlantshafsbandalagsins byggir á.

Við erum herlaus þjóð og tryggjum þess vegna öryggi okkar með tvíhliða varnar-samningi og með aðild að Atlantshafsbandalaginu. Það er burðarásinn. En fyrir smá-þjóð eins og Ísland skiptir öllu máli að vinna með öðrum ríkjum á og hafa þannig aukinn slagkraft og samstöðu á alþjóðavettvangi. Myndin er margbreytileg: Við erum aðilar að stofnunum og samningum sem takmarka vopnaframleiðslu og banna efna-vopn. Það er ein víddin. Við tökum líka þátt í starfi dómstóla sem fjalla um mann-réttindabrot, taka á glæpum gegn mannkyni. Það er önnur vídd. Ísland er virkt og atkvæðamikill í starfi stofnana sem þrýsta á ríki að bæta stöðu kvenna, minnihluta-hópa, tryggja tjáningarfrelsi, öryggi og mannúðlega meðferð. Það er enn ein víddin.

Alþjóðlegar skuldbindingar, þáttaka og samstarf verða hver og ein púsl í stóru myndinni sem stuðlar að öryggi og friði – undirstöður fyrir sjálfstætt og fullvalda ríki.

Við eins og flest önnur ríki, eigum allt okkar undir því að stór og öflug ríki virði leikreglurnar og þeim sé framfylgt. Ef þær eru brotnar, er mikilvægt að við eigum bandamenn í samstarfi og í stofnunum sem hafa sameiginlega hagsmuni af því að alþjóðaregluverkið standi – og reyni að styðja við það og styrkja.

Nánustu samstarfsríkin okkar eru norrænu ríkin og það samstarf nær líka inn á svið öryggis- og varnamála. Síðasta áratuginn hefur verið enn þéttara samráð og samstarf um fjölmörg öryggismál og stefnumörkun á því sviði, þó ríkin fimm séu t.d. aðilar að mismunandi fjölþjóðastofnunum (sum í ESB, önnur í NATO). Eystrasaltsríkin eru að auki mjög náinn samstarfsríkjahópur.

Ég vil líka nefna mikilvægi samstarfs við hagsmunaríki á Norðurslóðum og norðurskauti, m.a. Kanada, Bandaríkin og Bretland, auk norrænna nággranna okkar. Samstarf á norðurskautinu um öryggi á víðum grunni er lykilatriði fyrir okkar nærsvæði og sífellt mikilvægara með vaxandi umferð, áherslu og hagsmunum sem því fylgja.

Ég vil hér að síðustu koma inn á þann þátt sem ég nefndi í byrjun, heildstætt öryggi sem snýr að okkur sjálfum, ríkinu sjálfu. Það er athyglisvert að norrænir nággrannar okkar, hafa mótað sér mjög yfirgripsmikla stefnumörkun um heildstæðar varnir og öryggi – „total defence“, þar sem allir þættir samfélagsins eru teknir inn og horft til þess að viðbúnaður, viðbragðsgeta og öryggismál séu sem best kynnt og stjórnkerfi, stofnanir, samtök og almenningur, geti lagt af mörkum, tryggt lágmarksöryggi og viðbúnað. Þetta hefur verið sérstaklega sett í forgrunn hjá Noregi og Svíþjóð nýlega, en verið ríkjandi stefna í Finnlandi um nokkuð lengra skeið.

Í samanburði við fyrri tíð eru ógnir og hættur í dag að mörgu leyti óháðar hefðbundnum landamærum og það eru kannski þær ógnir sem eru nærtækastar, erfiðast að mæta og jafnvel greina eða draga til ábyrgðar fyrir. Hryðjuverk, netógnir, upplýsingamengun eða áróður eru dæmi.

**„Við erum sterkari með öðrum, getum brugðist við og æft viðbrögð við öryggisógnum hvort sem þær stafa af mannavöldum eða ekki.“**

Netógnir virða engin landamæri og mjög erfitt getur verið að rekja uppruna þeirra. Nær öll kerfi í nútímaþjóðfélaginu eru nettengd, nýta tölvutækni og þarf að verja og tryggja öryggi og virkni – og tryggja meðferð upplýsinga í kerfum. Það gerir ekki eitt stjórnvald eða ein stofnun, það er heildstætt verkefni.

Upplýsingamengun eða lygafréttir geta farið víða á örskotsstund á tímum samtenginga, samfélagsmiðla og myndadeilinga – og það getur verið mjög erfitt í lýðræðisþjóðfélagi að halda jafnvægi milli þess að virða tjáningarfrelsi og forðast ritskoðun, en stöðva jafnframt ósannindi eða upplýsingar sem er beinlínis ætlað að eyðileggja traust, skapa glundroða eða kynda undir hatri.

Öryggi sem er heildstætt þarf að felast í samfélagslegu öryggi, upplýsingaöryggi, persónulegu, ytra öryggi og efnahagslegu öryggi – allt þetta er þjóðaröryggi.

Á sama hátt og við erum öflug í viðbúnaði við náttúruvá, getum við með samráði og samstarfi við nágrannaríki og samstarfsríki, innan og utan fjölþjóðastofnana, lagt saman krafta okkar, deilt með okkur reynslu, ráðum og fyrirmyndum. Við erum sterkari með öðrum, getum brugðist við og æft viðbrögð við öryggisógnum hvort sem þær stafa af mannavöldum eða ekki. Þekking, forvarnir og öryggi helst allt í hendur, hvort sem er gagnvart netógnum eða öðrum áskorunum. Það er mjög ánægjulegt að sjá að í nýrri skýrslu um framkvæmd þjóðaröryggisstefnu er sérstök áhersla á aukið alþjóðasamstarf í mörgum málaflokkum sem þörf er á að styrkja og efla, meðal annars varðandi netógnir.

Við skulum líka muna að við getum bæði lært af öðrum - og lagt af mörkum í okkar fjölþjóðasamstarfi og á alþjóðavettvangi. Okkar styrkleikar og reynsla getur og hefur nýst öðrum, til dæmis á sviði almannavarna, valdeflingar kvenna, friðsamlegra lausna í fjölþjóðlegu samstarfi. Til þess þurfum við að efla okkar þátttöku og styrkja í góðu samstarfi við okkar vina- og nágrannaþjóðir.

Enginn er eyland í þessu alþjóðaumhverfi, ekki heldur eyríkin.





# Samtal um þjóðaröryggi

Umræðustjóri: **Pia Hansson**, forstöðumaður Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands  
Þátttakendur: **Guðmundur Ingi Ásmundsson**, forstjóri Landsnets, **Henry Alexander Henrysson**, aðjúnkt í heimspeki og sagnfræði við Háskóla Íslands, **Kristrún Heimisdóttir**, fræðimaður við Columbia háskóla í Bandaríkjunum, ásamt **Áslaugu Örnú Sigurbjörnsdóttur** formanni utanríkismálanefndar Alþingis og **Önnu Jóhannsdóttur**, sendiherra og fastafulltrúa Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu

**Í umræðunum um þjóðaröryggi var lögð megin áhersla á eftirfarandi þrjá þætti: stjórn málin, umræðuna um öryggis- og varnarmál og innviði. Hér á eftir verður gerð grein fyrir því helsta sem kom fram hjá þátttakendum í umræðunum, ekki er vitnað beint í einstaka persónur en upptöku af umræðunum má finna á netinu. Slóðina má finna í lok skýrslunnar.**

## Stjórn málin

Þátttakendur voru sammála um gagnsemi þjóðaröryggisstefnunnar og mikilvægi þess að þjóðaröryggisráð hefði verið sett á laggirnar. Þessi skref hafa skapað þverpólítíska samstöðu um málaflokkinn sem áður einkenndist af togstreitu. Í dag er mun fleira innan málaflokksins sem sameinar en sundrar. Fólk hefur nú getað sameinast um að vinna stefnunni brautargengi og mun skýrari línur eru fyrir þau sem vinna að hagsmunum Íslands í alþjóðasamstarfi.

Rætt var um skyldur ríkisvaldsins og hvernig þær geta stangast á. Hvaða skyldur teljast frumskyldur? Þeirri spurningu var meðal annars varpað fram hvort það teljist frumskylda ríkis að tryggja þjóðaröryggi. Bent var á að í þessu tilliti þarf einnig að hugsa um trúverðugleika stjórnvalda og stofnana þegar kemur að því að tryggja þjóðaröryggi og taka erfiðar ákvarðanir, ekki síst ef borgararnir upplifa ákvarðanirnar sem brot á réttindum sínum, en þetta er ein af ástæðum þess að mikilvægt er að efla trúverðugleika stjórnvalanna.

## Umræðan

Rætt var hvernig umræðan um öryggis- og varnarmál hefur tekið stakkaskiptum á undanförunum árum. Sem dæmi var nefnt að þegar stjórnarskráin var samin hafi tvennt verið skilið eftir, annars vegar peningamál og hins vegar varnarmál. Því skyldi engan undra að við höfum í gegnum tíðina átt erfitt með að ræða um þessi mál, enda gerðist það árið 1949 að þjóðin og stjórn málin klofnuðu í herðar niður með fordæmalausum hætti. Eftir brottför varnarliðsins hefur umræðan þroskast mikið, samhliða vaxandi þekkingu á öryggismálum. Yfirveguð umræða og aukin þekking skilar sér svo aftur til stjórnvalda sem eru betur í stakk búin til að taka ákvarðanir.

Áhersla var lögð á mikilvægi þess að í opnum lýðræðissamfélögum fari fram opin umræða um öryggis- og varnarmál og að þeir opinberu aðilar sem taka ákvarðanir þurfi að vera trúverðugir í því hlutverki. Þeir þurfa að geta sýnt fram á að umræðan hafi átt sér stað og líka að það sé skilningur á því hvað það þýðir að ógn sé yfirvofandi. Fólk er yfirleitt ekki tilbúið til að sætta sig við hluti sem ganga þvert á



hagsmunum þess nema það sé af góðri og trúverðugri ástæðu. Það er stóra breytingin sem við sjáum í dag. Við, sem samfélag, erum komin á þann stað að stjórnvöld þurfa að geta rökstutt ákvarðanir sínar. Það er mismunandi hvaða vettvangur hentar best í það, stundum nægja einfaldar útskýringar sem geta jafnvel verið settar fram á heimasíðu eða með því að koma í viðtal. Á öðrum stundum er um flóknari mál að ræða þar sem nauðsynlegt getur verið að skapa samræðuvettvang þar sem mismunandi hagsmunaaðilar geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Þó ber að hafa í huga að öryggis- og varnarmál eru þess eðlis að um viss mál ríkja aðrar skyldur, svo sem um trúnað, og því er ekki alltaf hægt að hafa öll mál uppi á borðum. Í þeim tilfellum er það þó hlutverk ríkisvaldsins að útskýra af hverju svo er.

Umræðan um þjóðaröryggismál hefur einnig opnast innan margra fræðigreina á undanförunum árum. Til dæmis hefur umræðan um þessi mál innan siðfræði breyst mikið eftir voðaverkin 11. september 2001 og atburði í kjölfar þeirra. Sem dæmi má nefna að nú leggja fleiri kvenkyns fræðimenn sitt af mörkum til umræðu sem áður var á sviði tiltölulega þröngs hóps. Meðal þess sem nú er rannsakað betur innan siðfræði eru hinir siðferðilegu innviðir. Hvaða siðferðilegu verðmæti eru í húfi þegar rætt er um þjóðaröryggi? Er öryggið sjálft slíkt verðmæti sem hægt er að greina eða þarf alltaf að ræða þessi mál út frá stærri hugmyndum um réttlæti?

### Innviðir

Orkumálin voru ofarlega í huga þátttakenda. Bent var á að við erum með mjög hátt hlutfall innlendra orkugjafa. Þetta skiptir miklu máli, því ef eitthvað bjátar á erum við svo til sjálfbær. Vissulega er þó mikilvægt að skipuleggja og byggja orkumannvirki með hliðsjón af náttúruhamförum, og mannvirki hafa verið sérhönnuð með þetta í huga hér á landi.

Einnig var rætt um einstaka innviði og í því samhengi var raforkuflutningskerfið nefnt sérstaklega vegna þess hversu háð við sem samfélag erum rafmagni, en oft getur lítil og staðbundin bilun valdið miklum óþægindum eða jafnvel erfiðleikum. Eftir því sem tækninni fleytir fram og sjálfvirknivæðing sem gengur fyrir rafmagni verður algengari má búast við að þetta verði æ mikilvægara viðfangsefni.

Þá voru þátttakendur sammála um vaxandi mikilvægi netöryggismála, en skýrsla ríkisins í net- og öryggismálum var lögð fram árið 2015. Í henni er áætlun um sextán aðgerðir og er nú verið að vinna að þeim sem átti að framkvæma fyrstu þrjú árin. Bent var á að netógnir séu þess eðlis að þær virða engin landamæri og því mikilvægt fyrir Ísland að vera ekki eftirbátur annarra ríkja í vörnum gegn þeim. Þessar ógnir geta lamað heilu samfélögin og því þarf lögreglan að hafa aðgang að faglegri þekkingu, hæfni og búnaði til að fást við þessi mál.

Alþjóðlegt samstarf bar einnig á góma og var það tilfinning þátttakenda að almenningur í landinu sé ánægður með að hin Norðurlöndin komi hingað á æfingar og sinni eftirlitsflugi yfir landinu og hvernig hingað sé hægt að flytja öflugar sveitir af fólki og björgunarbúnað sem kæmi til með að skipta höfuðmáli ef hér yrðu náttúruhamfarir á borð við Kötlugos. Við getum líka lært mikið af því að taka þátt í svona alþjóðlegu samstarfi og í því samhengi er engin þörf á því að finna upp hjólið. Að sama skapi getum við lagt meira til á þeim sviðum þar sem okkar sérþekking er mikil.

## Þriðji hluti: **Áskoranir framtíðar**

### Ávarp

**Herra Guðni Th. Jóhannesson,**  
forseti Íslands

Fyrirverandi forseti, forsætisráðherra, góðir gestir.

Það hefur verið sagt að það sé fátt eins hættulegt og að spá fyrir um framtíðina. Það er líka hættulegt að festast í fortíðinni.

Það er vel við hæfi að efna til málþings um þjóðaröryggi á aldarafmæli fullveldis, vel við hæfi að horfa til áskorana framtíðar. En um leið leitum við í sjóð sögunnar og reynum að finna lærdóma, reynum að nýta okkur reynslu liðins tíma.

Sú var tíð að einangrun okkar úti í ballarhafi átti að vera okkur vörn, átti að veita okkur þjóðaröryggi. Samt var það svo að ef við misstum tengslin við útlönd að fullu, eða nær öllu, var voðinn vís og einangrun gat líka borið með sér aðra vǫ. Einangrunin gerði okkur næmari fyrir farsóttum þegar þær bárust hingað, þannig að einangrun var ekki vörn að því leyti. Alltaf vorum við líka, eða nær alltaf skulum við segja, á áhrifasvæði annars ríkis eða einhvers stórveldis.

**„Það er verk að vinna, já, en við eigum að mæta óvissu framtíðarinnar með von í hjarta, bjartsýn og full tilhlökkunar.“**

Svo kom fullveldið, en fullveldið kom ekki bara með sambandslögunum 1918 og því að þá varð Ísland frjálst og fullvalda ríki. Fullveldið kom með togurum og verksmiðjum, vélvæðingu í sjávarútvegi og til sveita, verkmenntun, traustum efnahagslegum stoðum sem var smám saman skotið undir samfélagið hér. Fullveldið kom með erlendu áhættufé Íslandsbanka. Fullveldið kom með menntun, Háskóla Íslands, svo héraðsskólum, sjálfstrausti, skáldskap, listum og lífi á íslensku, en auðvitað undir alþjóðlegum áhrifum líka. Fullveldið hafði í för með sér erlendan djass, abstrakt list og allskyns áhrif sem sumum þótti erfitt að tengja íslenskum raunveruleika. En smám saman efldist fullveldið líka á þennan hátt. Fullveldið kom með bættri heilsu, minni barnadauða, lengra lífi. Fullveldið kom með kosningarétti, kosningarétti kvenna. Fullveldið kom á svo marga vegu og fullveldið kom með fyrri kynslóðum sem hafa rifjað upp hversu mikið skref það var í raun, fullveldisheimtin, og um leið þessi raunveruleiki sem ég hef verið að lýsa fyrir ykkur.

Sigurður Pálsson skáld lýsti því í *Bernskubók* sinni hvernig faðir hans og móðir brugðust við fullveldinu. Sigurður skrifaði: „Þessi kynslóð, var sú fyrsta sem þurfti að hugsa allt af nýrri alvöru, við vildum vera sjálfstæð, nú er komið að því, nú þurfti að sýna og sanna að við gætum það“.

Svona kom fullveldið í ýmsum myndum að utan og innan, í huga okkar sjálfra. Fullveldinu fylgdi líka ný skilgreining á þjóðaröryggi, þegar Ísland varð frjálst og fullvalda ríki 1. desember 1918 var því líka lýst yfir að Ísland skildi lýsa yfir ævarandi hlutleysi. Það var órjúfanlegur hluti okkar fullveldis í rúm tuttugu ár. Svo kom seinna stríð og við skilgreindum fullveldið á nýjan leik. Hugmyndinni um ævarandi hlutleysi var varpað fyrir róða, í verki og nánast í orði líka, eða að lögum.

Svo lauk stríðinu og þá kom ný skilgreining á fullveldi og þjóðaröryggi, fullt sjálfstæði, viðurkenning stórveldanna á því sjálfstæði, sem var lyklatríði, og um leið að hér yrði enginn her á friðartímum. Svo jukust viðsjár í heiminum, kalda stríðið komst í algleyming, og innan fárra ára urðum við aftur að endurskilgreina okkar þjóðaröryggi. Ísland varð stofnaðili Atlantshafsbandalagsins og tveimur árum síðar gekk erlendur her hér á land aftur.

Aftur þurftum við að endurskilgreina okkar fullveldishugmynd og ég þarf ekki að lýsa fyrir ykkur að ekki var einhugur um þessi skref öllsömul. Sumir héldu því fram að þarna hefði fullveldi og sjálfstæði verið skert allverulega svo ekki sé fastara að orði kveðið. Svo fór herinn 2006 og ekki var það vegna þess að hér hafði átt sér stað ítarleg og djúp endurskilgreining á fullveldi og þjóðaröryggi, heldur vegna ákvarðana sem teknar voru annars staðar.

Því er mikilvægt að hafa það í huga að þjóðaröryggi okkar hefur verið, er, og verður alltaf, á einhvern hátt háð mati annarra og aðgerðum annarra. Við lifum og hrærumst í samfélagi þjóða og þetta hefur áhrif á fullveldið. Við höfum aukið við það á ýmsum sviðum en við höfum líka ákveðið að deila því með öðrum, ekki bara á sviði varnar- og öryggismála eins og ég rakti hér áðan. Þessu munum við auðvitað halda áfram. Þjóð meðal þjóða. Sjálfstæðir Íslendingar. Þjóð með sjálfstraust.

Hverjar eru þá áskoranir framtíðar þegar við horfum fram á veg, hverjar eru áskoranir okkar þegar litið er til þjóðaröryggis og fullveldis? Ég minntist á hættuna á því að spá fyrir um framtíðina. Við vitum ekkert um hana, við höfum ekki hugmynd um hvað næsta kynslóð verður að vinna við eftir nokkur ár, eða áratugi. Framtíðin er óviss og þannig á hún að vera.

Við getum sagt við okkur sjálf að mannfólkið hefur aldrei verið eins heilbrigt þegar á heildina er litið, efnað og vel menntað. Við getum alltaf gert svo miklu betur, ekki misskilja mig, þessi framtíðarsýn á að vera björt og fögur, en samt ekki klisjukennd, og á ekki að bera með sér einhverskonar sýn Pollýönnu þar sem við gerum gott úr öllu og lítum framhjá því sem miður er að fara. Þetta tæki hér, snjallsíminn, er mikill bölvaldur segja sumir. En það má líka nota snjallsímamann til góðra verka. Sigurður Pálsson, sem ég minntist á, orti ljóð um framtíðina og eitt sinn voru þeir dagar að ég hefði þurft að skrifa það niður en ég tók bara mynd af því í bókinni og hef það í símanum.

**Nýársljóð úr Ljóðlínudansi** frá 1993.**Sigurður Pálsson orti:**

Svo oft hefur einhver nútími sagt:

Halló ég er nútíminn!

Mín er framtíðin og dýrðin

Þróunin

Fram fram fylking

Svo oft hefur verið sagt

síðustu tvö þrjú hundruð

fimm hundruð ár:

Lína tímans fer síbatnandi!

Framtíðin ávallt betri en nútíðin!

Svo oft hefur ofsatrúin

á tímans batnandi rás

trúin á nýjan mann

breytt manninum í afturgöngu

langra blýnáttu.

Orti Sigurður Pálsson, samanber það sem ég les í snjallsímanum mínum.

En fyllumst samt von þegar við horfum fram á veg hvort sem við lítum til fullveldis eða þjóðaröryggis. Auðvitað eru áskoranir framundan og ég hlakka til að hlusta á rökræður fólks um þær hér á eftir. Loftslagsmál, heilbrigðismál, lýðheilsa, forvarnir, geðheilsa, framtíð íslenskrar tungu; allt saman mikilvægar áskoranir, brýn verkefni. En verum samt bjartsýn.

Ég ætla að leyfa mér að vitna líka í Ingibjörgu Haraldsdóttur, heitinnar um einmitt framtíðina og sýn á hana. Þetta er dálítið löng tilvitnun í Sigurðar Nordals fyrirlestur Ingibjargar 14. september 2005: „Síðan ég man eftir mér hefur heimurinn verið að farast. Ef það var ekki atómbomban var það heimsvaldastefnan, kommúnisminn, alnæmið, ofbeldið, kapitalisminn, klámið, mansalið, eiturlyfin, gróðurhúsaáhrifin, trúarbragðaofstækið, hernaðarhyggja, náttúruhamfarirnar, hryðjuverkaógnin, offitan, hungrið, vatnsleysið, fuglaflensan, endalok tungunnar, dauði ljóðsins. Alltaf vofði eitthvað yfir okkur og vofir enn. Samt erum við hér ennþá og veröldin er ennþá fögur. Farfuglarnir enn á sínu undarlega flugi og enn eru skáldin að yrkja og finna fyrir þeim djúpa fögnuði sem sköpunartilfinningin vekur. Þrátt fyrir hatrið og stríðin, þrátt fyrir allt.“

Þannig að, kæru vinir, það er verk að vinna, já, en við eigum að mæta óvissu framtíðarinnar með von í hjarta, bjartsýn og full tilhlökkunar. Biturð, ótti og tortryggni, það er ekki gott veganesti inn í óræða framtíð.

Þakka ykkur kærlega fyrir.

## Ungt fólk og áskoranir framtíðar

**Kristín Ingólfssdóttir,**  
fyrirverandi rektor Háskóla Íslands

Við höfum öll skynjað hvernig tækniþróun hefur breytt atvinnulífi, menningarlífi og **daglegu** lífi mannsins. Á 10 árum hefur einfaldur sími orðið að ofutölvu í vasa okkar og gjörbreytt hegðunarmynstri - hvernig við nálgumst upplýsingar, hvernig við nálgumst bankaþjónustu, ferðaþjónustu, innkaup og ótalmargt fleira. Og síðast en ekki síst hvernig við nálgumst hvert annað. Á heimilum okkar eru vélmennir farin að ryksuga, við **tölum** við heimilistækin og heimilistækin eru farin að **tala** saman innbyrðis.

Ef okkur finnast breytingar undanfarinna 10 ára hafa verið hraðar, ættum við halda okkur fast. Því ef fram fer sem horfir, verða vöxtur í reikni- og tæknigetu **næstu** 10 ára hraðari og umfangsmeiri en maðurinn hefur nokkru sinni upplifað. Mörk milli stafrænna- og lífrænna kerfa verða sífellt óljósari, þar á meðal mörkin milli manns og tölvu. Tölvurnar eru þegar komnar inn í mannlíkamann og gegnum ígræddar örflögur og nema farnar að stjórna hjartslætti, taugaboðum, hreyfingum, o.fl.

Við vitum að flestar, ef ekki allar atvinnugreinar munu breytast og kalla á nýja færni. Því er spáð að 65% barna sem nú þegar eru í skóla munu gegna störfum sem ekki eru til í dag. Störfum sem á eftir að skapa.

Hvernig er hægt að búa unga fólk með sem best undir þessa framtíð? Það hlýtur að vera forgangsverkefni fyrir okkur sem þjóð að skilja tækifæri sem ný tækni færir atvinnulífinu og hvers kyns nýsköpun. Það hlýtur að vera jafn mikilvægt að skilja þær ógnanir og tilfærslu og samþjöppun valds á nýja staði í heiminum sem hún hefur í för með sér.

Mig langar að beina sjónum að tvennu sem ég tel að við **getum** og **eigum** að gera. Annars vegar að skoða spár þar til bættra aðila um færniþörf á vinnumarkaði framtíðarinnar og hins vegar að huga alvarlega að því hvernig stuðlað verði að andlegri vellíðan ungs fólks.

Það er nokkuð góður samhljómur milli spádóma um hvaða þekking og færni verða mikilvægust á vinnumarkaði og til að auðvelda lausn flókinna viðfangsefna.

**A** Áframhaldandi áhersla er lögð á mikilvægi stærðfræði, lesturs og tungumála.

**B** Mikil áhersla er lögð á að samþætta þekkingu, rökhugsun og gagnrýna hugsun. Einnig á vitsmunalegan sveigjanleika (cognitive flexibility).

Með samþættri þekkingu er átt við getu til að brúa landamæri faggreina. Að til viðbótar við nám á tilteknu sérsviði sé mikilvægt að hafa jafnframt tækni- og félagsfærni og þjálfun í rökhugsun. Sem dæmi mætti nefna að tæknimenntaðir, heilbrigðisvísindamenntaðir fái innsýn í hug- og félagsvísindi og listir. Að þeir fái til að mynda kennslu í heimspeki til að þjálfra rökhugsun, gagnrýna hugsun og getu til að umgangast gervigreind út frá siðferðilegum forsendum, spyrja réttra spurninga.

Og á sama hátt að þeir sem leggja stund á hug- eða félagsvísindi eða listgreinar hafi þekkingu á tækni – ekki bara kunni að nota tölvur, heldur hafi innsýn í forritun og algóritma og átti sig betur á nýjum víddum sem hafa skapast innan þessara greina vegna tölvutækni, tilkomu gervigreindar.

**C** Þá er gert ráð fyrir að mikilvægi „mannlegra“ eða „huglægra“ eiginleika muni **aukast**; Frumkvæði og sköpunarkraftur. Samskiptahæfni. Tilfinningagreind. Leiðtogahæfileikar. Allt eru þetta reyndar þættir sem skilja mannlega greind frá tölvugreind, manninn frá tölvum. Margir þessara þátta hafa lengi skipt miklu máli, en nú er þetta sett fram sem mótvægi við þróun sem þykir hafa leitt til hnignandi samskiptahæfileika og getu til að sýna samkennd.

**D** Loks er mikið lagt upp úr sveigjanleika og aðlögunarhæfni, m.a. í starfsþróun. Símenntun verður hluti lífsmynsturs.

Við þurfum að búa okkur undir að samfélagið verði gerbreytt í náinni framtíð, en hver ber ábyrgð á undirbúningnum? Stjórnvöld, menntakerfi, atvinnulíf eða við sem einstaklingar? Ég tel augljóst að ábyrgðin sé samfélagsleg og kalli á víðtækt samspil. Að flétta saman námsgreinum og brúa betur bil milli hefðbundinna fræðigreina kallar hins vegar á gjörbreytta hugsun í uppbyggingu náms. Ég held að þetta muni gerast, en muni gerast hægt. Menntakerfi eru í eðli sínu hægfara þegar kemur að stórum breytingum. Á meðan, og til þess að ná til þeirra sem nú eru í kerfinu, tel ég mikilvægt að allar stofnanir samfélagsins sem koma að menntamállum standi saman að því að hvetja ungt fólk til að taka sjálft ábyrgð á þessum áskorunum – tileinka sér nám utan hefðbundins ramma. Þetta er hægt að gera með ýmsum hætti þó það kalli á aukið vinnuframlag – meðal annars að taka tvær gráður í stað einnar (t.d. stærðfræði og heimspeki) eða taka opin og vönduð netnámskeið, óháð stað og stund. Sá sem er heimspekingur að mennt og hefur öðlast tæknifærni mun koma mun sterkar út í atvinnulífi en sá sem hefur haldið sig innan hins hefðbundna ramma. Sama gildir um eðlisfræðing sem hefur tileinkað sér heimspeki, félagsfræði eða skapandi greinar.

Fyrirverandi landlæknir Bandaríkjanna var nýlega spurður hvaða sjúkdóm hann teldi alvarlegastan nú um stundir. Krabbamein? Nei. Hjartasjúkdómar? Nei. Svartið var einangrun og einmanaleiki. Við erum sítengd, en einmana þó að það virðist þversagnakennt. Bretar hafa skipað ráðherra til að draga úr einmannakennd fólks – Minister for Loneliness. Önnur lönd eru með svipuð áform. Við sjáum víða að tíðni kvíða og þunglyndis, vanlíðunar og geðraskana fer vaxandi meðal ungs fólks. Margir af stóru háskólum Bandaríkjanna bjóða nú námskeið til að bregðast við og til fyrirbyggingar. Vellíðunarnámskeið við Yale háskóla er vinsælasti kúrs skólans. Doktorsnemar við Stanford háskóla eru allir hvattir til að taka námskeið sem stuðla að andlegri vellíðan.

Góðir gestir, það er auðvitað erfitt að spá fyrir um framtíðina, hún er svo óræð. Við höfum ákveðna vegvísu um hvernig við getum nýtt þau tækifæri sem tækniþróunin skapar en um leið erum við minnt á að huga að vellíðan fólks í nýjum tækniheimi. Við höfum líka dæmi um það þegar tæknin þróast hraðar en við ráðum vel við. Við erum rétt að byrja að átta okkur á hversu djúpstæð áhrif tækniþróun og alþjóðavæðing hafa orðið á þróun tungumálsins. Við erum eins og aðrir rétt að

**„Við erum rétt að byrja að átta okkur á hversu djúpstæð áhrif tækniþróun og alþjóðavæðing hafa orðið á þróun tungumálsins. Við erum eins og aðrir rétt að byrja að átta okkur á mikilvægi þess að vernda persónuupplýsingar og mikilvægi upplýsingaöryggis.“**



byrja að átta okkur á mikilvægi þess að vernda persónuupplýsingar og mikilvægi upplýsingaöryggis. Þessi dæmi verða miklu, miklu fleiri. Það skiptir höfuðmáli fyrir framtíð okkar fámennu þjóðar, fullveldi hennar og öryggi að við byggjum upp þekkingu til að ungt fólk geti til fulls nýtt tækifærin sem þessi ótrúlega tækni skapar, en líka þekkingu á þeim ógnunum og hættum sem hún hefur í för með sér. Þær eru í senn persónulegar og varða vellíðan og öryggi hvers og eins og varða um leið öryggi samfélags okkar í alþjóðavæddum heimi.





## Er borgarinn í hættu staddur í lýðræði?

**Guðmundur Heiðar Frímansson,**  
prófessor við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri

„Það er ætíð rangt, alls staðar og fyrir hvern mann að trúá einhverju á ófullnægjandi forsendum“ sagði breski stærðfræðingurinn William Clifford í grein sem birtist árið 1877.<sup>1</sup> Hann skildi þessa kenningu sína þannig að við bærum siðferðilega ábyrgð á eigin skoðunum og rökstuddi þessa niðurstöðu sína með hliðsjón af því: Við bærum ábyrgð á því hvert og eitt að ganga úr skugga um það að fullnægjandi rök væru fyrir hverri skoðun sem við mynduðum okkur.

Þetta er gríðarlega ströng krafa. Ef við reynum að fullnægja henni þá þurfum við að huga að hverri einustu skoðun sem við myndum okkur. Þetta gengur ekki þó ekki væri af öðrum sökum en þeim að við getum ekki tilgreint hverja einustu skoðun sem við höfum myndað okkur með einhlítum hætti. Það þýðir þó ekki að við þurfum að hafna kenningunni um ábyrgð á eigin skoðunum því við getum borið ábyrgð á sumum skoðunum en ekki öðrum. En á hvaða skoðunum getum við borið ábyrgð. Það er rétt að greina á milli einfaldra og flókinna skoðana. Einfaldar skoðanir eru þær sem byggjast á beinum upplýsingum skilningarvitanna til dæmis að það snjóí. Flóknari eru skoðanir á borð við að mér ber að gæta þess að skaða ekki aðra í því sem ég segi eða geri. Rökstuðningurinn við fyrri skoðunina er einfaldlega að benda á að það snjóí úti en við síðari skoðunina er engan jafn einfaldan rökstuðning að finna en hann gæti verið að viðhafi allir svipaða reglu þá gangi vel að lifa saman. Hinar flóknari skoðanir virðast vera þannig að þær tengjast mörgum öðrum og þurfa að koma heim og saman við þær ef við viljum reyna að vera skynsemisverur.

Til viðbótar þessu benti Clifford á að sumar skoðanir okkar styðjast við orð annarra en ekki okkar eigin viðleitni til að ganga úr skugga um að þær séu sannar. Það merkir að við erum í mörgum, kannski flestum, atriðum háð öðrum um þekkingu og vandaðar skoðanir á flestum hlutum. Fæst höfum við aflað okkur þekkingar á mörgum sviðum enda tekur raunveruleg þekkingaröflun tíma, umhugsun, fyrirhöfn, færni og lærdóm.

Clifford talar um manneskjur yfirleitt og ábyrgð þeirra. En hvað með borgarana? Að vera borgari er í raun pólitísk staða í stjórnkerfi ríkisins, hvers eðlis sem ríkið er. Í okkar tilviki er stjórnkerfið lýðræðislegt. Borgari í lýðræðiskerfi gegnir miklu hlutverki, allt pólitískt vald byggist á vilja borgaranna sem þeir láta í ljósi með ýmsum hætti, í kosningum, á stjórnmalafundum, með skrifum í blöð og í samfélagsmiðla svo að dæmi séu nefnd. Lýðræði gerir þá kröfu til borgaranna að þeir taki þátt. Ef enginn þeirra tekur þátt í kosningum fellur kerfið um sjálft sig. Þá verður að taka upp annað stjórnkerfi. En til þess að borgarinn geti tekið þátt af skynsemi í lýðræðislegu stjórnkerfi þarf hann að

**„Borgari í lýðræðiskerfi gegnir miklu hlutverki, allt pólitískt vald byggist á vilja borgaranna.“**

<sup>1</sup> William K. Clifford, Rétturinn til sannfæringar. Í *Erindi siðfræðinnar*, Róbert H. Haraldsson (ritstj.) (Reykjavík: Rannsóknastofnun í siðfræði 1993). Fyrsti þriðjungur greinar Cliffords er þýddur á íslensku í þessari bók. Upphaflega birtist greinin í tímaritinu *Contemporary Review* árið 1877 og heitir The Ethics of Belief. Greinin er aðgengileg á [http://commonweb.unifr.ch/artsdean/pub/gestens/f/as/files/4610/13582\\_183441.pdf](http://commonweb.unifr.ch/artsdean/pub/gestens/f/as/files/4610/13582_183441.pdf)

vera fær um að mynda sér skoðanir á fjölmörgum hlutum og taka afstöðu til þess hvort þeir stuðli að almannaheill eða ekki. Þær skoðanir sem hann þarf að mynda sér eru ekki einfaldar og stjórnast af upplýsingum frá skilningarvitunum heldur skoðanir sem þarf að hugsa um og ígrunda, athuga hverjar forsendur liggja til þeirra, hvernig þær tengjast einhverjum meginreglum sem við viljum hafa í heiðri, hvaða afleiðingar tiltekin ákvörðun hefði. Ábyrgð borgarans er flóknari en mannfólksins almennt eins og Clifford lýsir henni vegna þess að hann þarf að skoða almannaheillina og þar með hagsmuni allra. Þær ákvarðanir sem við tökum sameiginlega annað hvort í beinum atkvæðagreiðslum eða gegnum kjörna fulltrúa gilda fyrir alla. Það er því eðlileg krafa til þeirra að þær séu hugsaðar út frá hagsmunum allra, en ekki einvörðungu út frá hagsmunum þröngra en valdamikilla hagsmunahópa eða meirihlutans. Þetta verður borgarinn að glíma við, hann verður að geta metið þær ákvarðanir sem teknar eru og tekið þátt af skynsamlegu viti.

En það er eins með borgarann og manneskjurnar almennt. Hann verður að geta treyst orðum annarra þegar hann aflar sér upplýsinga til að móta skoðanir sínar. Í raun getur hann ekki leyst hlutverk sitt vel af hendi nema lýðræðið byggji upp öflugt kerfi stofnana sem aðstoða hann við að móta skynsamlegar skoðanir. Mikilvægust slíkra stofnana er almennur skóli enda er skólaskylda í öllum þróuðum lýðræðisríkjum. En það þarf líka góða háskóla og rannsóknarstofnanir, vandaða fjölmiðla, stofnanir sem safna upplýsingum um samfélagið og öfluga stjórnmalaflokka. Ennfremur þarf að vera fyrir hendi pólitísk menning þar sem hinir pólitísku fulltrúar ræða saman á þeirri forsendu að þeir taki sjálfa sig alvarlega, segi ekki eitt í dag og annað á morgun, eitt í stjórn og annað í stjórnarandstöðu.

Í lýðræði eigum við að búast við því að ágreiningur sé regla en ekki undantekning. Það er einu sinni staðreynd að við erum ólík, horfum á hlutina frá ólíkum sjónarhólum, aðhyllumst ólíkar skoðanir og gildi. Lýðræðið á ekki í neinum erfiðleikum með alls konar ágreining en í nútímanum hefur þróast sú hneigð að gera ágreining ekki bara um gildi og verðmæti heldur einnig um staðreyndir. Sú tegund af ágreiningi hefur magnast vegna þess að efasemdirnar ná líka til aðferðanna við að afla upplýsinganna sem tryggja eiga staðreyndirnar. Til viðbótar þessu koma svo samfélagsmiðlarnir þar sem lygar berast með leifturhraða ekki síður en sannleikur. Nýlegt dæmi er fleiri þúsund tíst til að draga í efa gagnsemi bólusetningar á börnum. Lygar af þessu tagi geta verið skaðlegar vegna þess að nægilega margir trúa þeim. Róttækur ágreiningur um staðreyndir í lýðræði getur reynst borgaranum og lýðræðinu sjálfu hættulegur einmitt vegna þess að ágreiningur er eðlilegur í því en um leið þarf að taka skynsamlegar ákvarðanir um ótal marga hluti fyrir alla. Þá þurfa staðreyndirnar að vera skýrar sé einhverjum slíkum til að dreifa. Það er einmitt vegna þess að ágreiningur er eðlilegur í lýðræði að þær stofnanir sem aðstoða borgarann við að mynda skynsamlegar skoðanir verða að taka hlutverk sitt alvarlega.

Það er rétt í lokin að taka fram að ég geri mér grein fyrir að sú mynd sem hér er dregin upp af borgaranum er mynd af því sem ætti að vera frekar en af því sem er. Allir sem eitthvað þekkja til íslenskra stjórnála vita að borgararnir eru yfirleitt ekki sjálfstæðir einstaklingar óháðir stjórnmalaflokkunum, íslensk stjórnmalabaráttu fyrir kosningar líkist því stundum að reka fé í réttir frekar en samræðu á milli skynsams fólks og skoðanir borgaranna eru settar fram í upphrópunum sem eru álíka þrungnar merkingu og hrópa „Áfram KA“. Þótt þessi lýsing kunni að fela í sér sannleikskjarna þá breytir það engu um það sem ég hef reynt að halda fram, það bendir einungis á að það þurfi að breyta ýmsu í íslenskri stjórnmalamenningu.

# Samtal um áskoranir framtíðar

Umræðustjóri: **Guðrún Pétursdóttir**, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða  
 Þátttakendur: **Halldór Björnsson**, hópstjóri veðurs og loftslags við Veðurstofu Íslands  
**Helga Þórisdóttir**, forstjóri Persónuverndar, **Marteinn Sindri Jónsson**, aðjúnkt við  
 hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands, **Vilhjálmur Egilsson**, rektor Háskólans  
 á Bifröst, ásamt **Kristínu Ingólfssdóttur**, fyrrverandi rektor Háskóla Íslands og **Guðmundi  
 Heiðari Frimannssyni**, prófessor við Hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri

Í umræðunum um áskoranir framtíðar töluðu þátttakendur um fimm meginþætti sem þau töldu að mundu skipta hvað mestu máli á næstu árum og áratugum, en þeir eru tækniframfarir og persónuvernd, stjórnkerfið og sagan, heilbrigðismál, umhverfis- og loftslagsmál og menning og tungumál. Hér á eftir verður gerð grein fyrir því helsta sem kom fram hjá þátttakendum í umræðunum, ekki er vitnað beint í einstaklinga en upptöku af umræðunum má finna á netinu. Slóðina má finna í lok skýrslunnar.

## Tækniframfarir og persónuvernd

Meðal þess sem kom fram í umræðunum er að ein stærsta áskorunin sem við stöndum frammi fyrir er vinnsla persónuupplýsinga á tækniöld, með persónuupplýsingum er hér átt við persónugreinanlegar upplýsingar. Þetta er kveikjan að einni umfangsmestu löggjöf sem hefur komið frá Evrópusambandinu og sú löggjöf sem hefur leitt til mestu hagsmunagæslunnar (e. lobbyism). Sagt var frá því að verðmætustu fyrirtæki heims í dag eru gagnafyrirtæki; fyrirtækin sem búa yfir upplýsingum um okkur. Þessar upplýsingar eru svo aftur notaðar til að hafa áhrif á okkur.

Tækniþekking og ábyrgð komu einnig til tals. Þegar einstaklingar meðtaka tæknina án athugasemda er gríðarlega margt undir og það er margt sem ber að varast og það varðar þjóðaröryggi. Mikil aukning árása á snjalltæki er staðreynd, allt frá árásum lækningatæki upp í heilu orkuverin. Hvar liggur svo ábyrgðin? Bent var á að einstaklingar bera vissulega ákveðna ábyrgð en þeir þurfa að vera vakandi og skilja hvað þeir eru að nota. Nýja persónuverndarlöggjöfin setur ábyrgðina á vinnslu persónuupplýsinga aftur á móti á ábyrgðaraðilana, þ.e. opinberar stofnanir sem starfa á grundvelli laga og einkafyrirtæki sem þurfa skýrt samþykki. Það má til dæmis aldrei gera sjúklinga ábyrga fyrir tæknivæddri heilbrigðisþjónustu og nettengdum lækningatækjum.

Að lokum var nýja persónuverndarlöggjöfin kynnt sem frábært viðskipta- og nýsköpunartækifæri, en leita þarf leiða til að fara með persónuupplýsingar þannig að virðing sé borin fyrir grundvallar mannréttindum okkar.

## Stjórnkerfið og sagan

Rífað var upp að kaþólska kirkjan er elsta núlifandi stofnun í heiminum. En hverjar eru ástæður þessarar velgengni kirkjunnar, sem hefur lifað af allar aðrar stofnanir

og mörg ríki, þrátt fyrir allt sem hefur gengið á í sögu hennar? Segja má að velgengni hennar byggist á því að í gegnum tíðina hafi ávallt nægilega margir haft trú á málstaðnum, verið reiðubúnir til að færa fyrir hann miklar fórnir og tekið þannig hagsmuni kirkunnar ofar eigin hagsmunum. Okkar ríki er núna 100 ára gamalt, sem er alls ekki gamalt í sögulegu tilliti, en þó eldra en Sovétríkin sem náðu aldrei þessum aldri þrátt fyrir að vera um tíma meðal valdamestu ríkja heims.

Í framhaldi af þessari umræðu var velt upp þeirri spurningu, af hverju við viljum að Ísland sé ríki. Það hlýtur að þýða að við höfum einhverjar hugsjónir og vilja til að bæta hag þeirra sem búa í ríkinu, og að við séum jafnframt að hugsa um hag komandi kynslóða. Á síðustu 100 árum hefur íslenskt samfélag breyst gríðarlega mikið en 90% þjóðarinnar sem áður bjó í dreifbýli býr nú í þéttbýli. Við skiljum ekki alveg þessar breytingar og þörf er á að rannsaka betur hlutverk borgaranna.

Þá var rætt um ástæður fyrir velgengni ríkja. Snýst þessi velgengni um samkeppnishæfni þeirra út á við sem byggir á efnahagslegum og hernaðarlegum þáttum? Eða innri styrk og siðferði? Samkeppnishæfnin snýst ekki bara um atvinnulífið heldur einnig stjórnsýsluna og velferðarkerfið. Það má ekki gleyma því að íslenska velferðarkerfið er eitt af okkar helstu samkeppnistækjum. En til að standa sig í samkeppni þarf alltaf að vera á tænum. Á Íslandi er oft talað um að við þurfum að gera betur í jafnréttismálum þrátt fyrir að vera með þeim bestu á því sviði, það er skýrt dæmi um þetta og skýrir kannski árangurinn.

Loks ræddu þátttakendur um mikilvægi þess að sofna ekki á verðinum gagnvart því hvernig beita má tækninni til að hafa áhrif á lýðræðið, eins og Cambridge Analytica er svo gott dæmi um. Þar var upplýsingum safnað um fólk af samfélagsmiðlum svo úr varð gagnabanki um 87 milljónir manns. Þessi gagnabanki var svo notaður til að hafa áhrif á kjósendur í BREXIT atkvæðagreiðslunni. Þessi atkvæðagreiðsla þykir hafa sýnt fram á það að við þurfum að hugsa lýðræðislegar kosningar uppá nýtt. Allt snýst um upplýsingagjöf og það er stöðugt verið að mata okkur á upplýsingum og með því hafa áhrif á skoðanir okkar. Það er ekki aðeins lýðræðið sem er í hættu vegna þessa því hver geiri samfélagsins á eftir öðrum er að tæknivæðast. Þetta krefst þess að við tökum okkur tíma í að hugsa hvað við getum gert, hvað hentar okkur, því okkar samfélag er að mörgu leyti ólíkt öðrum samfélögum, bæði vegna smæðarinnar og ríkidæmisins. Þar af leiðandi getum við ekki endilega tekið upp og innleitt hjá okkur lausnir sem eru klæðskerasniðnar fyrir önnur lönd.

### Heilbrigðismál

Meðal þess sem rætt var um í tengslum við áskoranir framtíðar voru heilbrigðismál og hve áriðandi það er að ríkið sinni þeim málaflokki vel. Sagt var frá heilbrigðisstefnu ríkisstjórnarinnar sem nær allt til ársins 2030 og tekur mið af breytingum á lýðfræði, aldurssamsetningu þjóðarinnar og tækniþróun.

Bent var á að tækninni fylgja margar og ólíkar áskoranir fyrir heilbrigðiskerfið, en þar má t.d. nefna úrvinnslu persónuupplýsinga. Sömuleiðis þarf að tryggja öryggi við notkun lækningatækja en mörg slík tæki eru nettengd sem getur skapað hættu á árásum frá netþrjótum.

Ef horft er til baka yfir síðustu 100 árin, eða frá því Ísland varð fullvalda ríki, hafa gríðarlegar framfarir átt sér stað í heilbrigðismálum og ekki hvað síst

í sjúkdómagreiningum. Hermenn sem fyrir 100 árum sneru til baka úr fyrri heimsstyrjöldinni með áfallastreituröskun voru taldir móðursjúkir. Mjög stór hluti mannkyns hefur á einhverjum tímamarki glímt við geðræn vandamál. Telja má að geðræn vandamál verði ein af stærstu áskorunum í heilbrigðismálum á komandi árum, ekki hvað síst þeir þættir sem tengjast einsemd og einmanaleika. Að auki eru störf framtíðarinnar ólík störfum nútímans, því á meðan líkamlegt álag fer minnkandi reynir í vaxandi mæli á andlega þætti sem eykur andlegt álag. Þetta er áskorun sem krefst stöðugar árvekni og ljóst að úrlausnin felst ekki í frekari tækniþróun.

### Umhverfis- og loftslagsmál

Þátttakendur voru sammála um mikilvægi þess að búa sig undir þær breytingar sem fylgja losun gróðurhúsalofttegunda. Vinna þarf að því að draga úr umfangi loftslagsbreytinga, eftir því sem hægt er, og þar þurfa allir að standa saman. Lykilatriði í þessu er að byggja upp öfluga innviði, svo sem í kringum raforkuna og aðrar veitur, en einnig félagslega innviði, til dæmis heilbrigðiskerfið.

Ekki má gleyma að loftslagsbreytingar eru hnattrænt vandamál og ummerki þeirra má sjá víða. Sem dæmi var nefnt að tjón af völdum veður- og loftslagstengdra hamfara í Bandaríkjunum árið 2017 nam 305 milljarða bandaríkjadala, eða 1,5% af landsframleiðslunni. Á sama tíma var hagvöxtur 2,2%. Hamfarir af þessari gerð koma þó mun verr niður á ríkjum sem búa við lakari innviði en Bandaríkin, þar sem innviðir eru tiltölulega sterkir. Loftslagsbreytingar koma lang verst niður á ríkjum þar sem stjórnhættir eru slæmir, innviðir slakir og samfélögin háð loftslagstengdum gæðum.

Ein af þeim áskorunum sem þarf að horfa til í þessum efnum tengist svokölluðum loftslagsflóttamönnum. Leiða má líkur að því að ásókn fólks í að flytjast til svæða sem standa betur muni fara vaxandi á komandi árum, en það getur haft í för með sér áskoranir fyrir lýðræðisleg samfélög, þar sem t.d. lýðskrumarar geta séð tækifæri í að skapa múgæsingu. Bent var á að fylgni er á milli þess að vera á móti innflytjendum og vera andvígir aðgerðum gegn loftslagsbreytingum.

**„Loftslagsbreytingar koma lang verst niður á ríkjum þar sem stjórnhættir eru slæmir, innviðir slakir og samfélögin háð loftslagstengdum gæðum.“**

### Menning og tungumál

Að lokum var fjallað um menningu og tungumál í tengslum við þjóðaröryggi og fullveldi. Síðustu öldina hefur verið unnið að því að skapa og skilgreina sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar, en samfélagið fyrir 100 árum var mjög ólíkt samfélagi dagsins í dag. Þjóðin hefur þróast frá því að vera einsleit í átt að því að teljast fjölmenningsþjóð. Þessari þróun fylgja nýjar áskoranir sem mikilvægt er að huga að. Sem dæmi má nefna að um 10% leikskólabarna hafa ekki íslensku að móðurmáli og í menntakerfinu er brottfall nemenda af erlendum uppruna töluvert hærra en annarra og þeir eru einnig ólíklegri til að fara í háskólanám.

## Lokaorð

**Katrín Jakobsdóttir,**  
*forsætisráðherra og formaður þjóðaröryggisráðs*

Kæru gestir.

Ég ætla ekki að nýta lokaorðin til að endursegja allt það sem hér hefur verið sagt, en vil byrja á að þakka ykkur öllum sem hér hafið verið í dag, fylgst með og tekið þátt í umræðum. Ekki síst ykkur, Guðni og Ólafur, kærar þakkir fyrir að vera með okkur í dag.

Það eru margar hugsanir sem hafa vaknað hér í dag, og það er alltaf jafn merkilegt að rifja upp stofnun fullveldisins, sem var engan veginn sjálfgefin, við erfiðar ytri aðstæður, en reyndist um leið þessi mikilvægi aflgjafi til framtíðar. Ég er ekki í nokkrum vafa um það þegar við horfum yfir sögu fullveldisins, að saga okkar hefði orðið allt önnur ef við hefðum ekki orðið frjáls þjóð. Frjáls og fullvalda þjóð, fær um að velja okkar eigin örlög.

Það er búin að vera mikilvæg umræða hér, og mér finnst umræðan endurspegla að öryggismál eru breytt. Við tölum öðruvísi um öryggismál en áður, og þjóðaröryggis- stefna Alþingis, sem samþykkt var á sínum tíma, endurspeglar þessa breiðu sýn sem ég kom að hér í upphafi. Ég skynjaði það hér í dag, á öllum þessum umræðum, að þegar við ræðum um öryggismál og fullveldi, erum við á allt öðrum stað á nýrri öld. Það eru mikilvæg mál sem komu fram hér í dag: orkuöryggi, matvæla- og fæðuöryggi. Mál sem ekki hefðu verið talin til öryggismála þegar ég var að alast upp, en eru núna miðpunktur öryggisumræðu og mikilvægt að við bregðumst við.

Ég vil til dæmis segja það að sú matvælastefna sem við eigum að móta fyrir Ísland á að fást við matvæla- og fæðuöryggi. Bæði að við getum verið sjálfbærari með matvæli, en líka að við tryggjum örugg matvæli. Orkuöryggismálin voru hér mikið til umræðu og það er auðvitað einstakt tækifæri sem felst í þeirri stöðu að eiga þá endurnýjanlegu orkugjafa sem við eigum og geta gert okkur óháðari innfluttum orkugjöfum, ekki síst ef við nýtum þá með réttum hætti, og þá hlýt ég að nefna aðgerðaráætlun um loftslagsmál þar sem við hugum að orkuskiptum í samgöngum - sem getur einmitt tryggt betur stöðu okkar í alþjóðasamfélaginu og gert okkur óháðari efnahagssveiflum við innflutning á orkugjöfum.

Hér var rætt aðeins um stjórnarskrá, framsalsákvæði, það er að segja framsal valdheimilda á afmörkuðu sviði. Ég hlýt að nefna það líka í samhengi við umræðuna um orkumál, og það sem sagt var að fullveldishugtakið væri nátengt því að borgaranir gætu notið gæða landsins og nýtt það til uppbyggingar samfélagsins. Ég hlýt líka að nefna auðlindaákvæðið sem hefur nú verið rætt lengi á vettvangi stjórnmalanna. Þessi umræða hér var mér að minnsta kosti hvarning inn í þá vinnu sem stendur yfir á vettvangi formanna stjórnmalaflokkanna. Það er mikilvægt að við náum áföngum í stjórnarskrárbreytingum, og þetta tvennt er þar til umræðu.

Síðan vil ég segja það að mér fannst gríðarlega gaman að þessum síðasta panel hér, og ég sé það að hún Helga hjá Persónuvernd er líklega eina konan á Íslandi sem er

meira að hugsa um tæknina en ég. Ég horfði á myndina Terminator 1 of snemma í mínu lífi og hef bara beðið eftir yfirtöku vélanna síðan. Þetta er auðvitað gríðarlega mikilvæg umræða og mér var hugsað til þess undir þessari umræðu að hann Eric Milke hefði nú verið ánægður með Facebook og co sem eru bara búin að stofna hér stafrænt panopticom og það þarf ekkert að njósna um fólk lengur heldur setur það bara allar upplýsingar sjálft á netið og býður þær fram. Hann hefði getað sparað stórfé í rekstrinum á Stasi og það hefði verið sjálfbært, ef það hefði verið fundið uppá þessu á þeim tíma.

Það er líka margt annað sem maður hefur séð, af því að við viljum auðvitað hafa það þannig að internetið sé hinn frjálsi vettvangur þar sem allir eru jafnir. En um leið sjáum við að meiri auður safnast á færri hendur með jafnvel hraðari hætti en við höfum séð áður, til þessara örfáu netfyrirtækja sem hafa náð að viðá að sér þekkingu til að hagnast á upplýsingum og gögnum. Þessi ójöfnuður byggist ekki bara á uppbyggingu og fjármögnun á rekstri internatsins og samskiptamiðlanna, heldur líka hvernig við nýtum samfélagsmiðlana. Stærstu stjórnurnar á netinu hafa milljónir, og tugmilljónir fylgjenda en þeir sem eru mestu stjórnurnar fylgja engum. Þar birtist hinn raunverulegi jöfnuður á internetinu, þar sem við eigum öll að vera jöfn og öll að hafa rödd, en svo eru sumir jafnari en aðrir. Vilhjálmur Egilsson nefndi að hann vildi fá Fact checkerinn, sem mér finnst góð hugmynd, en hver á að forrita fact checkerinn, því sá getur nú ráðið ansi miklu um hvað er rétt og hvað ekki.

Að lokum aðeins um menninguna sem hluta af fullveldi þjóðar, og það nefndi hann Marteinn Sindri hér, og það er einmitt hlutur sem við vanrækjum stundum þegar við tölum um fullveldið og þjóðina, varnir okkar. En allt þetta skiptir máli vegna menningarinnar. Þetta er það sem gerir okkur að mönnum og gerir okkur að íslensku samfélagi, það er menningin sjálf. Það er mikilvægt að við höldum því líka til haga þegar við ræðum þjóðaröryggi, þessu skaut bara upp í huga mér áðan, að það er kannski til lítils ef við hættum að tala íslensku og tókum upp ensku. Er það ekki bara öryggisvá? Nú horfi ég á ritara þjóðaröryggisráðs og spyr hvort við þurfum ekki að fara að ræða stöðu tungumálsins þegar við ræðum um þjóðaröryggi. Það sýnir hversu margir þættir skipta máli þegar við ræðum fullveldi og þjóðaröryggi að þetta er ekki umræða um lítinn hluta samfélagsins heldur snýst um öryggi borgaranna allra.

Ég vil þakka ykkur öllum sem tókuð þátt hér í dag. Þetta er búin að vera mjög gagnleg umræða og þó hún hafi verið send út í gegnum hann Zuckerberg þá vona ég að fleiri hafi getað notið hennar í þessu streymi. En það skiptir einmitt máli að við höldum inn í nýja öld fullveldisins með þennan sjóð, að við nýtum þessi tímamót sem stöndum á á þessu ári, til þess að læra af sögunni og endurnýja það afl og þann kraft sem fullveldinu hefur fylgt hingað til því áskoranirnar framundan eru svo sannarlega stórar og mikilvægar.

Kærar þakkir fyrir daginn.

**„Við tölum öðruvísi um öryggismál en áður, og þjóðaröryggisstefna Alþingis, sem samþykkt var á sínum tíma, endurspeglar þessa breiðu sýn.“**



Upptökur frá málþinginu má nálgast á eftirfarandi slóðum:

Samtal um fyrsta hluta

[https://www.youtube.com/watch?v=sM6e0nSS\\_HU](https://www.youtube.com/watch?v=sM6e0nSS_HU)

Samtal um annan hluta

<https://www.youtube.com/watch?v=kmdwyBvUpIY>

Samtal um þriðja hluta

<https://www.youtube.com/watch?v=mb5ND1B7e38>



